

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



Skólanámskrá 2016



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit mynda	4
1. Inngangur	5
2. Menntaskóli Borgarfjarðar - staða og styrkur.....	6
2.1 Hlutverk og megináherslur	6
2.2 Framtíðarsýn.....	7
2.3 Markmið	8
2.4 Sérstaða	9
2.5 Starfsmannastefna	9
2.5.1 Endurmenntunarstefna	10
2.5.2 Móttaka nýrra starfsmanna	10
2.5.3 Starfslýsingar	11
2.6 Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	21
2.7 Móttökuáætlun fyrir nemendur með námserfiðleika	22
2.8 Heilsustefna	22
2.8.1 Viðbragðsáætlun við tóbaksnotkun.....	23
2.9 Eineltisáætlun	24
2.9.1 Viðbragðsáætlun gegn einelti er eftirfarandi:	24
2.10 Áfallaáætlun	26
2.11 Jafnréttisstefna	29
2.12 Umhverfisstefna.....	32
3. Stjórnskipan og skipulag	34
3.1 Stjórn	34
3.2 Skólanefnd	34
3.3 Skólaráð	34
3.4 Foreldraráð	35
3.5 Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar.....	35
3.6 Skólafundir	35
3.7 Kennarafundir	35
3.8 Starfsmannafundir	35
3.9 Skipurit Menntaskóla Borgarfjarðar	36
3.10 Árleg starfsáætlun/skóladagatal.....	36
3.11 Starfslið skólans	36
3.12 Meðferð ágreiningsmála starfsmanna	37
4. Innra mat.....	38
4.1 Gæðagreinar	38

4.2 Sjálfsmatsáætlun skólaárin 2015 - 2019.....	40
5. Umgjörð skólstarfsins	41
5.1 Áfangakerfi skólans.....	41
5.2 Inntökuskilyrði.....	41
5.3 Mat á námi.....	43
5.3.1 Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum.....	43
5.3.2 Mat á námskeiðum og reynslu.....	43
5.3.3 Mat á félagsstörfum nemenda	44
5.3.4 Íþróttir.....	45
5.3.5 Mat Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands á námi í framhaldsskóla.....	45
5.3.6 Mat framhaldsskóla á námi frá Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands	45
5.3.7 Mat á námi við tónlistarskóla	45
5.3.8 Mat á Knapamerkjum	46
5.3.9 Undanþágur frá aðalnámskrá	46
5.4 Kennsluhættir	46
5.5 Námsmat	46
5.5.1 Leiðsagnarmat	47
5.6 Námsframvinda	48
5.7 Úrsögn úr áföngum / töflubreytingar	48
5.8 Árekstrarheimild	48
5.9 Skólareglur.....	49
5.9.1 Viðurlög vegna brota á skólareglum	49
5.9.2 Próf og prófareglur	50
5.9.3 Reglur um meðferð heimilda	50
5.10 Skólasóknarreglur	51
5.10.1 Nám með frjálsri mætingu.....	52
5.11 Skráning og meðferð upplýsinga	52
5.12 Aðgangur nemenda og forráðamanna þeirra að upplýsingum	52
5.13 Skemmtanir og ferðalög á vegum skólans.....	53
5.14 Ábyrgð nemenda og skyldur	53
5.15 Hegðun nemenda og umgengni	53
6. Þjónusta	54
6.1 Námsráðgjöf	54
6.2 Umsjónarkennarar	54
6.3 Skrifstofa skólans	55
6.4 Moodle og Inna	55
6.5 Heimasíða skólans.....	55
6.6 Bókasafn	55
6.7 Mötuneyti.....	55
6.8 Nemendahandbók	55
6.9 Handbók kennara.....	56

6.10 Stuðningur	56
7. Húsnæði og aðstaða	57
7.1 Tölvur og netaðgangur	57
7.2 Munaskápar fyrir nemendur	57
7.3 Aðstaða fyrir starfsfólk.....	57
7.4 Aðgengi fatlaðra.....	58
7.5 Neyðar- og öryggisáætlun	58
7.6 Nemendagarðar	58
8. Skólabragur	59
8.1 Félagsstarf nemenda	59
9. Námsbrautir	60
9.1 Almenn markmið stúdentsbrauta.....	60
9.2 Framhaldsskólabraut	60
9.2.1 Lokamarkmið framhaldsskólabrautar:.....	61
9.3 Félagsfræðabraut	61
9.3.1 Lokamarkmið félagsfræðabrautar:	62
9.4 Íþróttfræðibraut.....	62
9.4.1 Lokamarkmið íþróttfræðibrautar:.....	62
9.5 Náttúrufræðibraut	63
9.5.1 Lokamarkmið náttúrufræðibrautar:	63
9.6 Náttúrufræðibraut - búfræðisvið	64
9.6.1 Lokamarkmið náttúrufræðibrautar - búfræðisvið:	64
9.7 Starfsbraut	65
9.7.1 Lokamarkmið starfsbrautar:	65
9.8 Opin braut	65
9.8.1 Lokamarkmið opinnar brautar:.....	66
9.9 Áfangalýsingar	66

Efnisyfirlit mynda

Mynd 1 - Skipurit skólans	36
---------------------------------	----



1. Inngangur

Skólanámská Menntaskóla Borgarfjarðar skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almenna hlutanum er gerð grein fyrir stefnu skólans, stjórnskipan, innrami, umgjörð skólastarfs, þjónustu við nemendur, aðstöðu og fleira. Í hlutanum um námsbrautarlýsingar er að finna lýsingar á námsbrautum sem í boði eru við skólann. Þar er enn fremur að finna vægi áfanga í einstökum greinum náms og lokamarkmið námsbrauta skólans. Áfangalýsingar eru hluti skólanámskrár og eru birtar inn á heimasíðu skólans undir nám.

Skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar er endurskoðuð reglulega samhliða þróun í skólastarfi. Endurskoðun á haustdögum 2016 tekur mið af lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðrum lögum og reglum eftir því sem nauðsyn krefur ásamt því að taka mið af aðalnámskrá framhaldsskóla mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem gefin var út 2011. Innleiðing á nýrri aðalnámskrá við Menntaskóla Borgarfjarðar er lokið en frá síðustu útgáfu skólanámskrár árið 2014 hefur verið unnið að staðfestingu námsbrauta og aðlögun að nýrri aðalnámskrá og breyttu fyrirkomulagi framhaldsskóla á Íslandi. Fleiri starfslýsingum var bætt inn auk þess sem eineltisáætlun, jafnfréttisáætlun og skólareglur voru endurbættar. Bætt var inn nýjum lokamarkmiðum námsbrauta og endurskoðuðum áfangalýsingum til samræmis við breytt skóladagatal Menntaskóla Borgarfjarðar. Yfirumsjón með endurskoðun á skólanámskrá á haustdögum og ritun var í höndum Guðrúnar Bjargar Aðalsteinsdóttur og Lilju S. Ólafsdóttur.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir skólameistari



Almennur hluti skólanámskrár

2. Menntaskóli Borgarfjarðar - staða og styrkur

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, opna braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttufræðibraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið og innan íþróttufræðibrautar geta nemendur valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem þriggja ára nám. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér annað nám við skólann. Nám á starfsbraut tekur fjögur ár.


Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Fjölbreytt samstarf er við skóla héraðsins og atvinnulífið. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og er aðili að Fjarmentaskólanun. Skólinn er í samstarfi við skóla á norðurlöndunum um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi haft framsækni að leiðarljósi og farið ótroðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Við skólann eru engin lokapróf, þess í stað er áhersla lögð á verkefnavinnu og smærri próf. Námsmat skólans er í formi leiðsagnarmats. Skólinn er lítill og einkennist af persónulegum samskiptum. Aðstaða til náms og félagsstarfs er mjög góð í skólanum.

2.1 Hlutverk og megináherslur

Menntaskóli Borgarfjarðar starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.



Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Einkunnarorð MB eru; *Sjálfstæði - Færni - Framfarir* og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði. Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

2.2 Framtíðarsýn

Nám og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.
- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.

- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.
- Stjórnendur vilja leggja áherslu á að fjölga nemendum með sem fjölbreyttustu námsframboði og gæðum í kennslu.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.
- Stjórnendur skólans vilja nýta sér þá samfélagsmiðla sem í boði eru við markaðssetningu skólans.

2.3 Markmið

Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:

Nám og gæði kennslu

- skólinn leggi metnað sinn í að hafa ávallt vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem gerir kröfur til sín og nemenda
- efla starfsþróun kennara
- veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi
- fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála
- nemendur fái ávallt gæða stoðþjónustu við sitt hæfi
- skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, virðingu, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð
- að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu
- auka tengsl við nærsamfélagið með áherslu á samvinnu og samstarf við skóla og fyrirtæki í héraðinu

Nemendur

- nemendur hafi aðgang að öflugri stoðþjónustu
- styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda
- efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda
- raddir nemenda séu virkur þáttur í starfi skólans
- styðja betur við félagslíf nemenda
- sérhver nemandi hafi tækifæri til að rækta sína hæfileika og ná góðum árangri
- við skólann séu nemendagarðar

Stjórnun

- fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi
- aukin áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans
- nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi

2.4 Sérstaða

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:


- skólinn er fámennur og býður uppá persónulega þjónustu við nemendur
- nemendur fá að njóta sín og sinna styrkleika
- nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum
- skólaárið er 180 starfsdagar nemenda
- formleg annarpróf í desember og maí eru ekki til staðar
- leiðsagnarmat er viðhaft í öllum áföngum
- nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (vörður) og í verkefnum
- mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu
- skólinn leitast við að nota upplýsingatækni þar sem kostur er
- ritun lokaverkefnis nemenda eflir undirbúning fyrir háskólanám

2.5 Starfsmannastefna

Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar í starfsmannamálum er að styrkja og laða að öflugt starfslið sem veitir nemendum allra bestu þjónustu sem völ er á, í samræmi við lög um framhaldsskóla og markmið skólans. Menntaskóli Borgarfjarðar leitast ævinlega við að ráða hæft starfsfólk til starfa við skólann og gerir kröfur um hæfiskilyrði starfsmanna í samræmi við gildandi lög um þau efni. Við ráðningar skólameistara, kennara eða náms- og starfsráðgjafa er farið eftir skilyrðum ákvæða gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 og lögum um náms- og starfsráðgjafa nr. 35 /2009. Gerð er krafa um að kennarar hafi kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og fylgst er með að fagleg færni sé til staðar. Leitað er eftir samþykki umsækjenda um störf við skólann um að þeir heimili skólameistara að fá útskrift úr ferilsskrá viðkomandi hjá lögregluyfirvöldum til að ekki ráðist til starfa við skólann einstaklingar sem óæskilegt er að starfi að uppeldismálum.

Markmið starfsmannastefnu skólans eru:

- Að tryggja starfsfólki góð starfsskilyrði.
- Að stuðla að fræðslu og endurmenntun starfsfólks.
- Að tryggja að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki innan stofnunarinnar.
- Að stuðla að uppbyggilegri og faglegri umræðu um skólamál.
- Að tryggja að starfsfólk sé vel upplýst um verkefni sín og skyldur.
- Að stuðla að fjölskylduvænu starfsumhverfi.
- Að tryggja að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum.



Starfsmönnum gefst að minnsta kosti einu sinni á ári kostur á starfsmannasamtali við skólameistara um öll þau mál sem snerta starfsmanninn og vinnustaðinn. Laun og önnur kjör starfsfólks taka mið af kjarasamningum stéttarféлага viðkomandi starfsmanna og eru eigi lakari sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

2.5.1 Endurmenntunarstefna

Skólinn telur afar mikilvægt að starfsfólk hafi jafnan rétt til endurmenntunar og að því sé gefinn kostur á að sækja námskeið, sem haldin eru til að auka færni þeirra í starfi. Stjórnendur skólans telja æskilegt að kennarar sæki viðurkennd námskeið, málþing og/eða fagráðstefnur árlega. Skólinn tekur, eftir atvikum, þátt í kostnaði þeirra námskeiða sem álitin eru til gagns fyrir starf í þágu skólans. Einnig er það stefna skólans að fá til sín fyrirlesara og halda námskeið til að fjalla um nýjustu leiðir, strauma og stefnur í námi og kennslu.

2.5.2 Móttaka nýrra starfsmanna

Nýtt starfsfólk er ávallt boðið velkomið til starfa við Menntaskóla Borgarfjarðar. Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum og á ábyrgð skólameistara og aðstoðarskólameistara ásamt því sem móttaka nýrra starfsmanna kemur einnig í hlut umsjónarmanns tækni- og tölvumála.

Skólameistari sér um:

- Kjaramál.
- Starfslýsingar.

Aðstoðarskólameistari sér um:

- Almennt upplýsingastreymi.
- Skólasóknarreglur, Innu og Moodle.
- Leiðbeiningar varðandi námsmatskerfi.
- Leiðbeiningar varðandi skólareglur.
- Upplýsingar um fjarnema.
- Sértaekar upplýsingar um nemendur.
- Almenna handleiðslu í starfi.
- Almennt upplýsingastreymi.
- Leiðbeiningar varðandi námsmatskerfi.
- Að sýna skólann.

Vef og tölvuumsjónarmaður sér um:

- Þjálfun á þann hugbúnað sem mest er notaður í skólastarfinu.
- Þjálfun á tæknibúnað í kennslustofum og sal.
- Afhendingu og uppsetningu tölvu, prentara og annars búnaðar.
- Þjálfun á stýrikerfi tölvunnar.

Skólafulltrúi sér um:

- Almennar upplýsingar um skrifstofuna.
- Afhendingu matarmiða.
- Afhendingu lykils.


2.5.3 Starfslýsingar

Starfslýsingar Menntaskóla Borgarfjarðar byggja á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2002 og stefnumörkun stjórnar.

Skólameistari

Næsti yfirmaður skólameistara er formaður stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. Skólameistari er framkvæmdastjóri Menntaskóla Borgarfjarðar og skal:

- Bera ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár og innritun nemenda.
- Bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans.
- Vinna með stjórn og skólanefnd að gerð fjárhags- og starfsáætlana til lengri og skemmri tíma og sjá til þess að þeim sé framfylgt.
- Sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt.
- Ráða, að höfðu samráði við skólanefnd, starfsfólk skóla eftir því sem gildandi lög segja til um og skipta með þeim verkum, (ráðning aðstoðarskólameistara er háð samþykki stjórnar).
- Hafa yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber.
- Sjá til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber.
- Taka afstöðu til og úrskurða um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans.
- Sjá um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins.
- Vera framkvæmdastjóri skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.
- Vera oddviti skólaráðs.
- Kalla saman kennarafundi.
- Bera ábyrgð á innra mati á starfi skólans.
- Bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé kynnt.

- 
- Sjá til þess að fyrir liggi upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur um það séu gerðar.
 - Bera ábyrgð á að upplýsa forráðamenn ólögráða nemenda um námsástundun, námsgengi og önnur atriði er varða skólavist nemandans og velferð hans.

Skólameistari skal jafnframt:

- Vera málsvari skólans.
- Sitja fundi stjórnar og skólanefndar og undirbúa þá í samráði við formann.
- Bera ábyrgð á skólareglum og eru breytingar á þeim háðar samþykki stjórnar skólans.
- Vera bundinn þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- Leggja áherslu á endurmenntun sína og alls starfsfólks.
- Leggja áherslu á að við skólann sé stunduð framsækin og metnaðarfull menntastefna.

Aðstoðarskólameistari

Næsti yfirmaður aðstoðarskólameistara er skólameistari. Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans og rekstur. Ásamt skólameistara sinnir aðstoðarskólameistari og ber ábyrgð á:

- Umsjón með skipulagningu kennslu.
- Námsmati og mati á skólastarfi.
- Móttöku nýrra starfsmanna.
- Endurmenntun starfsfólks.
- Forfallakennslu.
- Kynningar- og útgáfumálum.
- Gerð skólanámskrár og útgáfu hennar.
- Viðbragðsáætlun vegna eineltis.

Aðstoðarskólameistari:

- Hefur yfirumsjón með skipulagi áfanga og gerð stundaskrár.
- Ber ábyrgð á námsferlum nemenda.
- Tekur þátt í þróunarstarfi við skólann.
- Sér um að meta nám nemenda úr öðrum skólum.
- Vinnur þau verkefni sem skólameistari felur honum í þágu skólastarfsins almennt.



Kennarar

Næsti yfirmaður kennara er skólameistari. Kennarar annast, taka þátt í og bera ábyrgð á eftirfarandi:

- Kennslu, undirbúningi kennslu, námsmati og faglegu samstarfi skv. markmiðum skóla- og aðalnámskrár.
- Gerð kennsluáætlana og vinnslu námsmats í samstarfi við aðra kennara.
- Að viðhalda faglegri hæfni sinni og huga að tengslum við aðrar námsgreinar.
- Skráningu fjarvista nemenda sinna.
- Öðru samstarfi vegna starfs síns skv. markmiðum skóla og aðalnámskrár.
- Almennri upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár.
- Að hafa tiltekinn viðtalstíma fyrir nemendur, forráðamenn og vegna upplýsingagjafar.
- Að sitja a.m.k. einn fund á ári/önn með forráðamönnum ólögráða nemenda.
- Að sitja kennarafundi sem boðaðir eru skv. reglugerð um kennarafundi.

Auk framangreindra fastra starfa kennara er skólameistara heimilt að semja við þá um sérstakar greiðslur vilji þeir taka að sér þróunarstörf.

Náms- og starfsráðgjafi

Næsti yfirmaður náms- og starfsráðgjafa er skólameistari. Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann. Hann er þeim til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar. Náms- og starfsráðgjafi metur hvort unnt sé að leysa úr málum innan skólans eða hvort leita þurfi eftir sérhæfðari meðferð til viðeigandi sérfræðinga eða stofnana.

Hann kemur upplýsingum þar um til skólameistara. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fyrst og fremst að vera málsvari og trúnaðarmaður nemenda innan skólans og standa vörð um velferð þeirra. Lögbundið hlutverk námsráðgjafa er:

- Að skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum.
- Að annast ráðgjöf um náms- og starfsval.
- Að taka þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum.
- Að fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf.
- Að liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og vera þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum.

- Að taka þátt í skipulagningu og kynningu meðal grunnskólanema á starfsemi og námsframboði skólans.
- Að hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á.
- Að fylgjast með nýjungum á sviði námsráðgjafar.
- Að taka þátt í viðbragðsáætlun vegna eineltis.
- Að taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs.

Persónuleg mál nemenda eru trúnaðarmál.


Umsjónarkennari

Næsti yfirmaður umsjónarkennara er aðstoðarskólameistari. Umsjónarkennari skal:

- Stuðla að góðu námsgengi nemenda í skólanum og koma þannig í veg fyrir brottfall þeirra úr skóla.
- Stuðla að góðri líðan nemenda í skólanum m.a. með því að byggja upp jákvæðan starfsanda.
- Hitta umsjónarhópinn til að miðla upplýsingum og auk þess hitta hvern umsjónarnemanda a.m.k. einu sinni á önn í einkaviðtali.
- Fræða nemendur um skólann s.s. starfsfólk og starfssvið þeirra, starfshætti skólans, reglur, námsbrautir og valgreinar.
- Fylgjast með ástundun og gengi sinna umsjónarnemenda og veita þeim persónulegt aðhald og stuðning og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa.
- Aðstoða nemendur við námsval og námsáætlun.
- Fylgjast með mætingum nemenda, leita skýringa og gera viðeigandi ráðstafanir.
- Stuðla að jákvæðum anda innan hópsins.
- Boða foreldra/forráðamenn nýnema í viðtal á fyrstu önn.
- Bjóða upp á viðtöl aðrar annir.
- Vera í tengslum við forráðamenn nemenda (undir lögaldri) ef með þarf.
- Vera talsmaður nemenda gagnvart stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans.
- Fylgja eftir viðbragðsáætlun um einelti.

Kennslustjóri starfsbrautar

Næsti yfirmaður kennslustjóra starfsbrautar er skólameistari. Kennslustjóri starfsbrautar hefur umsjón með faglegu starfi á starfsbraut. Með umsjón er átt við skipulagningu, samhæfingu og verkefnastjórnun á starfsbraut. Markmið starfsins er að bjóða nemendum sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér almennt tilboð framhaldsskóla upp á nám við hæfi bæði bóklegt og verklegt eins og mögulegt er.



Kennslustjóri starfsbrautar:

- Er umsjónarkennari nemenda og skipuleggur námsframboð brautarinnar með tilliti til nemendahópsins.
- Sér um upplýsingastreymi og samráð við forráðamenn nemenda og starfsfólk skólans.
- Hefur umsjón með móttöku gesta, s.s. kennaranema, nemenda og kennara frá öðrum skólum.
- Kostnaðarmetur kennsluna og skilar inn til menntamálaráðuneytisins einstaklingsskýrslum.
- Er skólameistara til ráðgjafar við ráðningar kennara á starfsbraut.
- Hefur umsjón með inntöku nýrra nemenda í samvinnu við skólameistara.
- Vinnur markmiðs og einstaklingsáætlanir nemenda. Einnig tilfærsluáætlun í samvinnu við nemendur og foreldra.
- Vinnur skýrslu um starfsemi brautarinnar.
- Vinnur að þróun starfsbrautar í takt við breytta kennsluhætti og áherslur Menntaskóla Borgarfjarðar.

Þátttaka í vinnuhópum, ráðum og/eða teymisvinnu:

Halda fundi með því starfsfólki skólans sem kemur að kennslu brautarinnar, s.s. námsráðgjöfum og kennurum svo oft sem þurfa þykir þó eigi sjaldnar en tvisvar á önn. Vera tengiliður skólans við félagsþjónustu og aðra þá sem um málefni nemenda á starfsbraut fjalla. Sitja samráðsfund með starfsfólki starfsbrauta í framhaldsskólum sem haldnir eru á vegum menntamálaráðuneytisins og skólanna.

Helstu samstarfsaðilar, innan og utan skólans:

Skólameistari, námsráðgjafi, menntamálaráðuneytið, aðrar starfsbrautir

Sérkennari

Næsti yfirmaður sérkennara er skólameistari.

- Starf sérkennara á starfsbraut felur í sér að þroska með nemendum hæfni og getu sem gerir þeim fært að takast á við fjölbreytt viðfangsefni daglegs lífs á heimili, í vinnu og í tómstundum.
- Sérkennari vinnur að því að auka sjálfstæði og sjálfsábyrgð nemenda með því að gera þá meðvitaðri um eigin persónu, félagsleg samskipti og umhverfið.
- Hann að veita þeim tækifæri til að öðlast nýja reynslu sem og að tileinka sér þekkingu sem getur nýst þeim að námi loknu.

- Starfið miðast við fjölbreytta kennsluhætti sniðna að þörfum og getu hvers nemenda. Námið er einstaklingsmiðað.
- Metnaður er lagður í að nýta nútímatækni, bæði í kennslu og við gerð sérhæfðra námsgagna.
- Sérkennari skipuleggur námið og námsmátið og tekur mið af óskum, áhugasviði og möguleikum nemenda, óskum og álitum foreldra ásamt þeim möguleikum sem skólinn og umhverfið býður upp á hverju sinni.
- Sérkennari sér um að útvega og búa til námsefni og námsgögn fyrir nemendur og virkja og leiðbeina öðrum starfsmönnum brautarinnar í því efni.

Félagsmálafulltrúi

Næsti yfirmaður félagsmálafulltrúa er skólameistari.

Félagsmálafulltrúi skal:


- Vera nemendum til aðstoðar við skipulag og framkvæmd félagsstarfsins.
 - Funda reglulega með stjórn nemendafélagsins
- Vera tengiliður nemendafélagsins við skólastjórnendur.
- Ýta undir jákvætt og heilbrigt félagslíf innan skólans.
- Aðstoða við að fá kennara, annað starfsfólk eða foreldra til að vera í gæslu á upptökum á vegum NMB í samráði við skólameistara.
- Fara í nemendaferðir sem gæsluaðili fyrir hönd MB eftir þörfum og samkomulagi.
- Upplýsa kennara og aðra starfsmenn reglulega um hvað er á döfinni hjá NMB.
- Hafa samráð við húsvörð um notkun NMB á húsnæði skólans.
- Annast ýmis verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

Vef- og tölvuumsjón

Næsti yfirmaður vef- og tölvuumsjónaraðila er skólameistari.

Vef- og tölvuumsjónaraðili skal:

- Tryggja að MB verði ávallt framarlega hvað varðar tæknibúnað meðal skóla.
- Halda kjarnakerfum skólans í gangi og tryggja ótruflaða starfsemi;
 - Netþjónar
 - Skjavarpar
 - Þráðlaust net skólans
- Bæta vinnuumhverfi starfsmanna eftir fremsta megni, í samstarfi við skólameistara.
- Sjá um viðhald tölva starfsmanna.
- Aðstoða nemendur og nýja starfsmenn við skráningu inná vef skólans og önnur vandamál sem upp kunna að koma.

- 
- Leita hagstæðustu innkaupa hvað varðar tæknimál.
 - Fara yfir kennslukerfi MB og uppfæra eftir þörfum (Moodle).
 - Halda utan um aðgangskerfi og netöryggismál.
 - Halda utan um póstlista og net fyrir nýja notendur í samráði við skólafulltrúa.
 - Uppfæra vef skólans eftir þörfum.
 - Afla fréttu og miðla efni á vef skólans og facebook síðu skólans.
 - Passa að allar upplýsingar á vef skólans séu réttar og í takt við líðandi stund.
 - Sjá um uppsetningu auglýsingaefnis í samstarfi við skólameistara og aðstoðarskólameistara.
 - Kenna nemendum upplýsingatækni ásamt þjálfun starfsmanna í nýjungum í tæknimálum.
 - Annast ýmis verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

Fjármálastjóri

Næsti yfirmaður fjármálastjóra er skólameistari. Fjármálastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum, launaútreikningum, áætlanagerð og innheimtum fyrir Menntaskóla Borgarfjarðar og Nemendagarða MB ehf.

Helstu verkefni eru þessi:

- Dagleg stjórn á fjármálum og ábyrgð á sjóðsuppgjöri.
- Umsjón með greiðslu samþykka reikninga, en samþykki reikninga er í höndum skólameistara.
- Hefur eftirlit með því að greiðslur berist á réttum tíma og annast samskipti við banka og skattayfirvöld.
- Yfirumsjón með innkaupum.
- Fylgist með og ber ábyrgð á notkun debet- og kreditkorta sem í notkun eru.
- Hefur umsjón með útgáfu reikninga.
- Sér um launaútreikninga og greiðslu launa.
- Yfirumsjón með bókhaldi og samvinna við endurskoðenda félagsins.
- Uppgjör á þriggja mánaða fresti í samræmi við reikningskilavenjur.
- Gerð ársreiknings með skýringum.
- Undirbúningur og gerð fjárhagsáætlunar ásamt skýringum í samvinnu við skólameistara.
- Aðstoðar skólameistara við gerð ráðninga- og verksamninga.
- Umsjón með sumarútleigu.
- Aðstoðar gjaldkera nemendafélagsins við bókhald og fjárreiður félagsins.
- Gerð ársreiknings fyrir nemendafélag með skýringum.



Fundarseta:

Skólameistari og fjármálastjóri meta eftir atvikum þörfina á fundarsetu hverju sinni eftir eðli fundanna.

- Situr stjórnarfundu eftir þörfum, einkum til að fara yfir fjármál félagsins.
- Situr fundu v. Nemendagarða eftir þörfum.
- Situr fundu v. FFÍF eftir þörfum.
- Situr fundu SMÍ eftir þörfum.

Skólafulltrúi

Næsti yfirmaður skólafulltrúa er skólameistari. Skólafulltrúi starfar á skrifstofu skólans. Hann annast ýmiss konar afgreiðslu í þágu nemenda, kennara og annars starfsfólks. Skólafulltrúi skal:

- Annast öll dagleg skrifstofustörf.
- Annast ritvinnslu.
- Sjá um sínavörslu og póst til og frá skóla.
- Sjá um útgáfu vottorða, gerð skýrslna og skírteina eftir þörfum.
- Sjá um innheimtu gjalda í samráði við fjármálastjóra.
- Hafa umsjón með sölu á matarmiðum til nemenda og starfsmanna.
- Gera upp og sjá um sjóð skrifstofu.
- Sjá um skápaleigu til nemenda.
- Vinna í INNU í samráði við aðstoðarskólameistara.
- Skrá ný netföng á nýnema og afhenda tölvuumsjónarmanni.
- Halda utan um netfangaskrá foreldra og forráðamanna.
- Taka við tilkynningum um veikindi nemenda og skrá þau í nemendabókhald skólans.
- Taka við tilkynningum um veikindi, leyfi og aðrar fjarvistir starfsmanna, skrá þær og koma boðum áfram.
- Sjá um innkaup á helstu rekstrarvörum skrifstofunnar.
- Leita eftir tilboðum í ýmsar ferðir, rútukostnað og fleira.
- Halda utan um og hafa aðgengilega ýmsa lista s.s. ýmis lykilorð fyrir nemendur, netföng, umsjón og fleira.



Stuðningsfulltrúi

Næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa er skólameistari. Helstu verkefni eru þessi:

- Stuðningsfulltrúi er sérkennurum og þroskaþjálfum á starfsbraut til aðstoðar við að sinna nemendum.
- Vinnur undir leiðsögn sérkennara að ýmsum verkefnum sem til falla.
- Fylgir nemendum í tíma til kennara utan starfsbrautar, hvort sem um er að ræða hópa eða einstaklinga, og sinnir þeim sem þurfa aðstoð.
- Leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu.
- Aðstoðar nemendur við daglegar athafnir sé þess þörf.
- Fylgir nemendum á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum og vettvangsferðum sé þess þörf.
- Situr fundi starfsbrautar með kennurum hennar.

Ræsting


Næsti yfirmaður ræstitækis er skólameistari. Ræstitæknir sér um daglega ræstingu á húsnæði skólans. Hann sér um eftirfarandi:

- Þrif á kennslustofum. Losar rusl, þurrkar af, stólar upp, skúrar / rykmoppar og þrífur skólatöflu. Þurrkar úr gluggakistum og hurðum öðru hvoru. Þrífur gler eftir þörfum.
- Þrif á göngum og í almenningi. Losar rusl, þurrkar af, vökvar blóm, rykmoppar og skúrar eftir þörfum. Þrífur spegla og snyrtingar. Þrífur gler eftir þörfum.
- Þrif starfsmannaádstöðu. Hefur umsjón með kaffistofu, skrifstofum og afgreiðslu.
- Þrif á snyrtingum. Sér um almenn þrif og skúringar.
- Þrif í þvottahúsi. Þrif eftir þörfum. Þvær og þurrkar óhreinan þvott.
- Þrif í nemendaaðstöðu: Þrif eftir þörfum. Reynir að virkja unga fólkið í bættri umgengni.
- Eftirlit með umgengni nemenda um húsnæði skólans.

Matráður

Næsti yfirmaður matráðs er skólameistari. Matráður skal:

- Hafa umsjón með öllum rekstri mötuneytis.
- Skipuleggja sig með verkefnið Heilsueflandi skóli að fyrirmynd.
- Gera matseðil mánuð fram í tímann.

- 
- Annast innkaup matfanga.
 - Annast matseld á skólatíma.
 - Annast frágang að máltíð lokinni.
 - Sjá um ræstingar í eldhúsi og í borðsal skólans.
 - Annast eftirlit með kostnaði.
 - Bera ábyrgð á að kröfur um hollustuhætti séu uppfylltar.

Húsvörður

Næsti yfirmaður húsvarðar er skólameistari. Húsvörður skal:

- Hafa umsjón með húsnæði, lóð, áhöldum og munum skólans.
- Ganga frá sorpi og hirða lóð.
- Hafa frumkvæði að því að snyrtilegt sé umhorfs í húsnæði skólans og á lóð.
- Hafa umsjón með og viðhalda lyklakerfi. Halda skrá yfir þá sem eru með lykla að skólanum, sjá til þess að nýir starfsmenn fái lykil og innheimta þá af þeim sem eru hættir.
- Annast snjómokstur og sjá til þess að greið aðkoma sé að skólanum fyrir gangandi vegfarendur og sjúkra- og slökkvibifreiðar.
- Sjá um að opna hús skólans tímanlega hvern kennsludag og sjá til þess að húsnæði sé tilbúið til kennslu þegar til á að taka.
- Hafa hátíðarsal skólans tilbúin til kennslu þá daga sem kennsla fer fram í salnum
- Koma upplýsingum til skólameistara um útleigu húsnæðis á skólatíma.
- Aðstoða starfsfólk í ræstingu við tilfærslu og röðun á húsgögnum og þyngri hlutum.
- Aðstoða matráð við flutning á innkaupum og tilfærslu á þyngri hlutum.
- Vera í samstarfi við tölvuumsjónarmann varðandi tæknimál í kennslustofum.
- Vera stjórn nemendafélags skólans innan handar með úrlausn verkefna er snerta húsnæði skólans og þjónustu almennt.
- Vinna tilfallandi störf við viðhald sem ekki krefjast sérstakrar fagþekkingar þar á meðal lagfæra húsgögn, skipta um ljósaperur, perur í loftföstum skjávörpum, lagfæra dyraumbúnað, skrár og gluggaumbúnað. Annast frágang á húsnæði skólans vegna samkomuhalds á skólatíma og sjá til þess að skólinn sé tilbúinn undir kennslu þegar vinnudagur hefst.
- Taka að sér önnur verkefni sem skólameistari felur honum samkvæmt nánara samkomulagi.

2.6 Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt 3.gr. reglugerðar um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku skulu framhaldsskólar setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku eða ef nemendur hafa dvalið langdvölum erlendis. Móttökuáætlun MB byggist á þessari reglugerð svo og sérstöðu skólans.

Í móttökuáætluninni er m.a. fjallað um innritun nemenda, samstarf við grunnskóla, fyrirkomulag móttökuvíðtals, gerð einstaklingsnámskrár og skipulag samstarfs milli kennara og sérfræðinga innan skólans. Áætlunin tekur mið af bakgrunni nemendanna, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veittur er. Námið skal miða að því að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál og taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

Móttökuvíðtal

Náms- og starfsráðgjafi skipuleggur móttökuvíðtal við hvern nemanda og foreldra hans. Túlkur verður viðstaddur ef þess er þörf og sér skólinn þá um að útvega hann. Í víðtalinu er upplýsinga um bakgrunn nemanda og aðstæður fjölskyldunnar aflað og látnar í té upplýsingar frá skólanum um starfshætti skólans, þjónustu- og skólareglur. Sá stuðningur sem stendur nemandanum til boða í skólanum, bæði í formi náms- og starfsráðgjafar og annars stuðnings er kynntur. Umsjónarkennari er einnig virkur stuðningsaðili fyrir nemandann. Í víðtalinu fá nemandi og foreldrar einnig upplýsingar um þá starfsemi sem skólinn býður upp á utan lögbundinnar kennslu eins og til dæmis það félags- og tómstundastarf sem nemendafélag skólans stendur fyrir. Foreldrar nemenda sem eru yngri en 18 ára hafa aðgang að Innu og kennslukerfi skólans og í móttökuvíðtali er þeim kynnt hvernig þau kerfi virka.

Kennsla nemenda með annað tungumál en íslensku sem móðurmál

Námsframboð MB takmarkar val nemandans en ÍSA (íslenska sem annað tungumál) verður í boði ásamt ráðgjöf varðandi námið. Markmið námsins er að koma til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku þannig að þeir nái árangri í námi og geti sýnt hvað í þeim býr.

2.7 Móttökuáætlun fyrir nemendur með námserfiðleika

Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum kennslu við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Hann leggur jafnframt áherslu á að hver nemandi beri ábyrgð á námi sínu. Nemendur sem glíma við námserfiðleika geta þurft að verja lengri tíma til heimanáms en aðrir. Stuðningur skólans er skipulagður fyrir þá sem eru sjálfir tilbúnir til að leggja sig fram. Skólinn kemur því aðeins til móts við nemendur með lesblindu eða aðra sértæka námserfiðleika að þeir, eða forráðamenn þeirra, láti námsráðgjafa vita af erfiðleikum sínum. Nemendur með skilgreinda námserfiðleika og hafa sótt um lengdan próftíma eiga rétt á 15 mín. pr. klst. lengri prófatíma. Námsráðgjafi leiðbeinir nemendum og lætur þá vita hvernig þeir sækja um að skólinn taki tillit til erfiðleika sem þeir glíma við.

2.8 Heilsustefna

Menntaskóli Borgarfjarðar vill stuðla að góðu heilbrigði nemenda og starfsmanna með því að setja sér framsækna heilsustefnu í allra þágu. Skólinn leggur áherslu á velferð nemenda, líkamlega, andlega og félagslega. Í skólanum er boðið upp á heilnæmt fæði, morgunverð og hádegisverð. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskólar. Skólinn vinnur í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um almenna þjónustu við nemendur og starfsfólk. Skólinn stuðlar að aukinni þátttöku starfsfólks í íþróttum og hollri hreyfingu.

Meginmarkmið heilsustefnunnar eru eftirfarandi:

- Að efla vitund fólks um mikilvægi góðrar heilsu líkamlega, andlega og félagslega.
- Að styrkja heilsueflingu starfsmanna og nemenda.
- Að hvetja til heilbrigðra lífshátta.
- Að stuðla að því að allur aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað verði eins og best verður á kosið.
- Að efla þekkingu á leiðum til að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.
- Að koma í veg fyrir fjarveru starfsfólks frá vinnu vegna leiða eða líkamsástands.

Heilsuefling

- Skólinn sýni fordæmi hvað varðar mikilvægi hollrar næringar með því að bjóða upp á fjölbreytt og hollt fæði í mötuneyti.
- Reykingar og önnur tóbaksnotkun eru óheimil í húsnæði og á lóð skólans.
- Reglulega býður skólinn upp á fyrirlestra um heilsueflingu og líkamsrækt.

- Að stuðla að aukinni vatnsneyslu nemenda og starfsmanna. Vatnsbrunnar eru í skólanum bæði fyrir nemendur og starfsfólk.
- Notkun áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil.

Starfsfólk

- Starfsmönnum verði árlega boðið upp á flensusprautu.
- Skólinn greiðir leið starfsmanna til þess að þeir geti sótt tíma í líkamsrækt.

Nemendur


- Að nemendur þekki mikilvægi hollrar næringar út frá manneldismarkmiðum og hafi tækifæri til að nýta sér þá þekkingu til að efla eigið heilbrigði.
- Að efla vellíðan nemenda; líkamlega, andlega og félagslega.
- Skólinn mun í hvívetna vinna markvisst starf í þágu forvarna og kynna fyrir nemendum skaðsemi vímuefna.
- Koma í veg fyrir að einelti og andlegt ofbeldi eigi sér stað með markvissum umræðum um afleiðingar þess og aðgerðum.
- Hjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar í Borgarnesi aðstoðar nemendur ef upp koma vandamál er tengjast líkama og sál. Hjúkrunarfræðingurinn vinnur í nánú samstarfi við skólastjórnendur, kennara og námsráðgjafa með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

2.8.1 Viðbragðsáætlun við tóbaksnotkun

Viðbragðsáætlun Menntaskóla Borgarfjarðar við tóbaksnotkun er byggð á tillögum frá Lýðheilsustöð og leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Verði nemandi uppvís að því að nota tóbak á skólasvæðinu skal viðkomandi starfsmaður/kennari fara yfir tóbaksvarnastefnu skólans með nemanda en samkvæmt henni eru reykingar og önnur tóbaksnotkun óheimil í húsnæði og á lóð skólans. Verði nemandi uppvís að því að nota munntóbak skal starfsmaður eftir að hafa farið yfir tóbaksvarnastefnu skólans með honum, biðja nemanda um að losa munntóbak í ruslafötu út á gangi. Tilkynna skal forvarnafulltrúa um atvikið með tölvupósti. Nemandi er upplýstur um tölvupóstinn og að ef atvikið endurtaki sig þá muni forvarnarfulltrúi boða nemanda í viðtal.

Ef atvikið endurtekur sig þá boðar forvarnafulltrúi nemandann til sín í viðtal og afhendir nemanda upplýsingar um hvernig ráðlagt sé að hætta tóbaksnotkun. Ef nemandi er undir 18 ára aldri er hann látinn vita af því að haft verði samband við foreldra/forráðamenn hans varðandi atvikið. Forvarnarfulltrúi boðar foreldrana á fund með nemandanum og afhendir þeim



upplýsingar um hvernig ráðlagt sé að hætta tóbaksnotkun og til hverra sé hægt að leita eftir faglegri aðstoð. Ef atvikið endurtekur sig í þriðja sinn þá boðar forvarnarfulltrúi skólans nemanda á fund skólameistara sem tekur ákvörðun um framhaldið.

2.9 Eineltisáætlun

Stefna skólans

Einelti er atferli sem ekki er liðið innan Menntaskóla Borgarfjarðar. Einelti getur komið upp hvar sem er í samfélaginu og ber að sporna við því með fyrirbyggjandi aðgerðum og bregðast við því þegar það kemur upp. Allir, bæði starfsfólk og nemendur skólans, hafa hlutverki að gegna til að fyrirbyggja einelti í skólanum og er áhersla lögð á gagnkvæma virðingu í samskiptum. Taka ber allar tilkynningar um einelti alvarlega og bregðast skal skjótt við.

Skilgreining

Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Ójafnvægi er milli geranda og þolanda sem upplifir sig vanmáttugan. Einelti getur verið líkamlegt og/eða andlegt og getur jafnt birst í gegnum bein samskipti og í gegnum netmiðla s.s. Facebook, Twitter og Snapchat.


Birtingarmyndir eineltis (ekki tæmandi listi):

- Illgjörn stríðni, endurteknar uppnefningar eða baktal
- Útilokun t.d. frá hópavinnu
- Hótanir og líkamlegt ofbeldi
- Hæðst að öðrum t.d. vegna útlits, menningar, trúar, fötlunar eða heilsuleysis
- Myndir eða myndbönd af einstaklingi send með smáforritum og/eða á samskiptasíðum á Netinu gegn vilja hans

2.9.1 Viðbragðsáætlun gegn einelti er eftirfarandi:

Aðgerðaráætlun skólans

Eineltisáætlun skólans skal kynnt nemendum og starfsfólki árlega. Við skólann starfar eineltisteymi sem í sitja, skólameistari, aðstoðarskólameistari og náms- og starfsráðgjafi. Verði



nemandi fyrir einelti skal hann tilkynna það til umsjónarkennara, skólastjórnenda, náms- og starfsráðgjafa eða annars starfsfólks á þar til gerðu eyðublaði.

Ferill eineltismála

Nemendur

Í framhaldi af tilkynningu um einelti fer eftirfarandi ferli í gang:

- Málið rannsakað og skal hlusta á sjónamið allra aðila og gæta trúnaðar og tillitssemi. Upplýsa hlutaðeigandi aðila um gang mála.
- Umsjónarkennari, sé hann til staðar, upplýstur.
- Rætt við þá aðila sem hlut eiga að máli, ásamt forráðamönnum sé nemandinn undir 18 ára aldri.
- Tekin eru viðtöl við aðila og reynt að skapa sátt.
- Ekki er aðhafst í málinu nema sá sem verður fyrir einelti (og forráðamenn eftir því sem við á) sé samþykkur. Sé hins vegar um að ræða brot á landslögum verður máli vísað til lögreglu.
- Ef ekki tekst að skapa sátt fer málið til skólameistara sem tekur ákvörðun um beitingu viðurlaga eða leitar annarra leiða til lausnar.
- Gerendur eineltis eru brotlegir við reglur skólans og því getur skólameistari vikið þeim tímabundið eða varanlega frá skólavist.
- Þegar könnun máls er lokið eru niðurstöður kynntar þolanda og geranda.
- Stjórn Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar er skylt að upplýsa um og starfa með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og námsráðgjafa í því skyni að uppræta einelti. Í því getur m.a. falist að útiloka gerendur eineltis frá viðburðum á vegum félagsins.
- Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum viðtöl þeim til stuðnings að ferli loknu og metur þörfina á frekari úrræðum.

Starfsfólk

Ef upp kemur grunur um að starfsmaður sé lagður í einelti skal tilkynna það til skólastjórnenda og/eða trúnaðarmanns eða öryggistrúnaðarmanns. Einnig er hægt að leita til Vinnueftirlits ríkisins sem hefur leiðbeinandi hlutverk og eftirlitsskyldu í eineltismálum. *Um viðurlög gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.*

Í framhaldi af tilkynningu um grun um einelti fer eftirfarandi ferli í gang:

- Skólastjórnendur og/eða trúnaðarmaður skipuleggja rannsókn málsins. Telji starfsmaður sig verða fyrir einelti af hálfu skólastjórna má leita beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Málið rannsakað og skal hlusta á sjónarmið allra aðila og gæta trúnaðar og tillitssemi. Upplýsa hlutaðeigandi aðila um gang mála.
- Ekki er aðhafst í málum nema þolendur séu því samþykkir. Sé hins vegar um að ræða brot á landslögum verður máli vísað til lögreglu.
- Þegar könnun máls er lokið eru niðurstöður kynntar þolanda og geranda.
- Eftirfylgni er beitt með einstaklingum eða hóp eftir því sem við á.

Áætlunin skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

2.10 Áfallaáætlun

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er gerð vinnuáætlunar um hvernig skuli bregðast við þegar áföll hafa orðið svo sem dauðsföll, slys, eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Áætlunin felur í sér hvað skuli gera, í hvaða röð og hver sinni hvaða hlutverki.

Dæmi um áföll sem kalla á slíka vinnuáætlun eru:

- Slys/alvarleg veikindi nemanda/starfsmanns í skóla/utan skóla.
- Andlát starfsmanns/nemanda.
- Aðrir ógnvekjandi atburðir sem snerta hóp starfsmanna eða nemenda s.s. ef eldur kemur upp í húsnæði skólans, náttúruhamfarir eða stórslys.

Í áfallaráði sitja:

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari.
- Námsráðgjafi.
- Skólahjúkrunarfræðingur.
- Kennari.
- Starfsmaður skrifstofu.

Skólameistari fer með stjórn ráðsins og kallar það saman þegar þörf krefur. Áfallaráð fer með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast, kynnir sér skyndihjálp og sálræna skyndihjálp og miðlar þeirri þekkingu til annarra starfsmanna skólans.



Upplýsingar

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða slys, kemur boðum til skólameistara/aðstoðarskólameistara sem strax grípur til viðeigandi ráðstafana. Skrifstofa skólans er gjarnan milliliður sem fyrst fær tilkynningu um atburðinn.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari eða hjúkrunarfræðingur hafa samband við nánustu aðstandendur hins látna/slasaða.
- Ef atburður er tilkynntur til allra starfsmanna sameiginlega þarf að kanna, ef kostur er, hvort einhverjir í hópnum eru nánir viðkomandi. Ef svo vill til þurfa þeir að fá fregnina einslega.

Viðbrögð við mismunandi áföllum

A. Slys/alvarleg veikindi

- Kennurum og nemendum skal greint frá því ef einhver úr þeirra hópi hefur lent í alvarlegu slysi/veikindum og þarf að vera lengi fjarverandi af þeim sökum.
- Kennurum og samnemendum skal greint frá alvarlegu slysi/veikindum í fjölskyldu nemanda. Skal það gert í samráði við nemandann og fjölskyldu hans.
- Verði nemandi fyrir slysi í skólanum eða í ferð á vegum skólans, skal haft samband við lögreglu og láta skólameistara vita. Skólameistari lætur aðstandendur vita svo fljótt sem auðið er.
- Verði starfsmaður fyrir slysi á skólatíma hefur skólameistari samband við aðstandendur.
- Skólastjórnendur skulu gæta þess eins og mögulegt er, að enginn fari heim með rangar upplýsingar ef slys hefur orðið í skólanum/í skólaferð.
- Skólameistari er eini tengiliður skólans við fjölmiðla um atburði sem áfallaráð fjallar um.

B. Andlát nemanda utan skólans.

- Fengin er staðfesting á andláti og leitað réttra upplýsinga um aðdraganda þess.
- Tala skal við skyldmenni og vini hins látna innan skólans áður en öðrum er tilkynnt um andlátið.
- Kennurum skal tilkynnt um andlátið eins fljótt og kostur er og einnig um aðdraganda þess.
- Flaggað skal í hálfu stöng þann dag sem andlátsfregn berst og einnig þann dag sem jarðað er en reynt að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og unnt er.
- Skólameistari/kennari/aðrir fari heim til nemanda ef kostur er.

- Skólastjórnendur sendi samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.

C. Andlát starfsmanns utan skólans

- Fengin er staðfesting á andláti og leitað réttra upplýsinga um aðdraganda þess.
- Tala skal við skyldmenni og vini hins látna innan skólans áður en öðrum er tilkynnt um andlátið.
- Starfsfólki skólans skal tilkynnt um andlátið eins fljótt og kostur er og einnig um tildrög þess.
- Flaggað skal í hálfu stöng þann dag sem andlátsfregn berst og einnig þann dag sem jarðað er en reynt að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og unnt er.
- Skólameistari/kennari/aðrir fari heim til fjölskyldu starfsmanns.
- Skólastjórnendur sendi samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.

D. Andlát í skólanum

- Eigi andlát sér stað í skólanum þarf að kalla til lögreglu og prest sem sjá um að aðstandendur fái réttar upplýsingar.
- Sýni fjölmiðlar áhuga er skólameistari eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar.
- Að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum í B- og C lið.

E. Andlát aðstandanda nemanda

- Látist foreldri eða annar náinn aðstandandi nemanda skal kennurum greint frá því og viðkomandi „bökkjarfélögum“ tilkynnt það sérstaklega. Þetta fer þó eftir því hversu vel hópurinn hefur tengst og skal gert í samráði við nemandann.
- Nemanda skal tryggð aðstoð innan skólans eftir því sem þörf krefur og stuðningur varðandi endurkomu í skólann.

Áframhaldandi stuðningur eftir áfallið

- Venjubundið skólastarf sefar óttann og kvíðann sem fylgir áföllum. Mikilvægt er að starfsmenn skólans séu eins eðlilegir og hlýlegir og þeim er unnt. Tillitssemi og virðing felst m.a. í því að staldra ekki of lengi við áföllin heldur halda áfram lífsgöngunni þó sorgin sé til staðar.
- Þeir einstaklingar og hópar sem áfallið hefur mest áhrif á þurfa að eiga aðgang að stuðningsaðilum innan skólans sem vinna með þeim úr áfallinu. Mikilvægt er að kennarar gefi nemendum kost á að ræða atburðinn ef þeir kjósa það, en jafnframt að bjóða upp á einstaklingsviðtöl, t.d. hjá námsráðgjafa.

- Starfsmenn áfallaráðs hlúi að nemendum og starfsfólki eins og kostur er.

Viðbrögð við bráðatilvikum í skólanum

- Kennari/starfsmaður:
 - Sinnir þeim veika.
 - Sendir eftir aðstoð á skrifstofu* **Ekki hringja sjálfur. Mikilvægt er að hafa stjórnina á vettvangi.**
 - Gætir þess að enginn yfirgefi vettvang í uppnámi.
 -

*Á skrifstofu er tekið við stjórninni í þessari röð: Skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur.

2.11 Jafnréttisstefna


Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar er að skapa tækifæri fyrir alla nemendur til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar og umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. MB leggur áherslu á menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig þættir eins og aldur, kyn, kynhneigð, stétt, tungumál, uppruni, ætterni og fleira geta skapað mismunun og forréttindi í lífi fólks.

Stefna skólans er að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að starfsmenn og nemendur séu metnir og virtir að verðleikum á eigin forsendum. Með jafnri stöðu kynjanna nýtist sú auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfi þeirra. Þannig verði tryggt að mannauður verði sem best nýttur. Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði eða annarra aðgreinandi þátta.

Jafnréttisáætlun MB byggir á VII. kafla, 65. grein í stjórnarskrá Íslands, en þar segir:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvítvetna.

Jafnréttisáætlunin byggir enn fremur á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.



Í lögnum er tekið fram að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlunar um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Einnig er tekið fram að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Launajafnrétti

Markmið: Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Bæði kyn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Aðgerð: Laun kennara eru í fullu samræmi við kjarasamning ríkis og Kennarasambands Íslands (KÍ) og stofnanasamningi MB og KÍ. Laun karla og kvenna við MB eru metin til jafns og launamisrétti kynjanna er ekki til staðar. Það sama á við um hinn almenna starfsmann og stjórnendur. Til að tryggja þennan þátt skal gerð úttekt á launum ár hvert.

Ábyrgð: Skólameistari og fjármálastjóri.

Tímarammi: Lokið í mars ár hvert.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið: Störf sem eru laus til umsóknar hjá MB skulu standa opin jafnt konum sem körlum. Stjórnendur skólans skulu einnig tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi.

Aðgerð: Gerð skal samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir öll störf, umsækjendur og ráðningar. Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.

Ábyrgð: Skólameistari og aðstoðarskólameistari.

Tímarammi: Lokið í febrúar ár hvert.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið: Starfsmönnum MB, óháð kyni, skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Aðgerð: Skal það framkvæmt með sveigjanleika í skipulagningu vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs. Feður verði hvattir til að taka leyfi vegna veikra barna jafn á við mæður.

Ábyrgð: Skólameistari

Tímarammi: Framfylgt jafnóðum.

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið: Lögð skal áhersla á fræðslu um einelti og kynbundið ofbeldi, kynbundna- og kynferðislega áreitni með það að markmiði að stuðla að því að starfsfólk og nemendur séu meðvitaðir um slík málefni og geti greint slík mál og brugðist við þeim. Þegar slík mál koma upp skulu þau fara í þann farveg sem lýst er í skólanámskrá MB um eineltismál kafla 2.9 og 2.9.1. Mikilvægt er að nemendur upplifi sig örugga í öllu skólastarfi, í kennslustofu, í íþróttum, í búningsklefum, á göngum skólans og í félagslífi.


Aðgerð: Fjallað er um jafnrétti í ýmsum áföngum MB svo sem kynjafræði, félagsfræði, uppeldisfræði, sögu, lífsleikni, líffræði og sálfræði. Endurskoða þarf eineltisáætlun MB með reglubundnum hætti og gæta að því að hún sé í samræmi við lög og reglur. Starfsfólk og nemendur fái mikilvæga fræðslu um einelti, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Ábyrgð: Skólameistari sem og aðrir starfsmenn skólans og nemendur.

Tímarammi: Febrúar ár hvert

Menntun og skólastarf

Markmið: MB leggur áherslu á að í öllu skólastarfi sé ákvæði jafnréttis laga, nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er varða menntun og skólastarf, sé höfð að leiðarljósi sbr. 23. gr laganna. Náms- og starfsráðgjafi sem og aðrir ráðgjafar MB svo sem umsjónarkennarar



veita piltum og stúlkum sömu fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu atriði er varða nám og störf. Að piltar leiti jafnt til náms- og starfsráðgjafa og stúlkur.

Aðgerð: Fjallað er um jafnrétti í ýmsum áföngum MB svo sem kynjafræði, félagsfræði, uppeldisfræði, sögu, lífsleikni, líffræði og sálfræði. Náms- og starfsráðgjafi afhendir skólameistara tölfraðilega skýrslu í lok hvers skólaárs varðandi viðtöl. Piltar eru hvattir til að nýta sér ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa. Kennarar og stjórnendur MB sækja námskeið varðandi kynjasambættingu og jafnrétti kynjanna.

Ábyrgð: Skólameistari, náms- og starfsráðgjafi sem og aðrir starfsmenn skólans og nemendur.

Tímarammi: Febrúar ár hvert. Námskeið annað hvert ár.

Jafnréttisáætlunin var kynnt starfsfólki á fundi 3. maí 2016 og samþykkt.

Aðgerðir skv. aðgerðaráætlun í jafnréttisstefnu þessari verða kynntar nemendum og starfsfólki á starfsmannafundum og nemendafundum á sal jafnóðum.

Áætlunin skal endurskoðuð á 3ja ára fresti.

2.12 Umhverfisstefna

Stefna Menntaskóla Borgarfjarar í umhverfismálum er að efla vitund bæði starfsfólks og nemenda um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu og að hvert og eitt okkar axli ábyrgð á góðri framkomu við jörðina.

Markmið

- Að efla þekkingu og vitund starfsfólks og nemenda um umhverfismál.
- Að umgengni verði til fyrirmyndar bæði innan sem utan skólans.
- Að lágmarka notkun pappírs og endurnýta þann pappír sem fellur til vegna starfsemi skólans.
- Að hugað verði að umhverfissjónarmiðum við kaup á ræstingarvörum.
- Að kaupa vörur sem hafa vistvæna vottun.
- Að farga rafhlöðum og öðrum spilliefnum á viðeigandi hátt.
- Að flokka sorp eftir föngum.
- Að skólinn hljóti Grænfánann.



Leiðir

- Hvetja kennara og nemendur til þess að ljósrita beggja vegna á pappír.
- Koma fyrir ílátum á ákveðnum stöðum í skólanum fyrir endurnýjanlega hluti s.s. gosflöskur/dósir og pappír.
- Að lágmarka notkun einnota matar- og drykkjaríláta.
- Að starfsfólk og nemendur gangi um skólann á inniskóm .
- Hafa mottu sem tekur við bleytu og óhreinindum við aðalinngang skólans.
- Spara orku með því að slökkva ljós og á tækjum þegar þau eru ekki í notkun.
- Sinna reglulegri fræðslu um umhverfið og umgengni okkar um það.

3. Stjórnskipan og skipulag

3.1 Stjórn

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. kt. 530606-0900, var stofnaður 4. maí 2006. Rekstrarform skólans er einkahlutafélag og eru hluthafar 157, stærsti einstaki hluthafinn er sveitarfélagið Borgarbyggð. Stærsti hluti eigendahópsins eru einstaklingar búsettir í Borgarbyggð og fyrirtæki staðsett í Borgarbyggð. Stjórn skólans skipa fimm einstaklingar kosnir á hluthafafundi. Stjórnin fer með málefni skólans og skal sjá um að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi sbr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stjórn skólans ræður skólameistara, hann ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfi skólans. Hann gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólameistari ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og hefur frumkvæði að vinnu við skólanámskrá og umbótastarfi innan skólans. Nöfn stjórnarmeðlima má finna á heimasíðu skólans www.menntaborg.is.

3.2 Skólanefnd

Skólanefnd starfar við Menntaskóla Borgarfjarðar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólanefndin er skipuð sömu fimm einstaklingum og kosnir eru í stjórn skólans auk þess sem í skólanefndinni eiga sæti þrír áheyrnafulltrúar, einn tilnefndur af Nemendafélagi Menntaskóla Borgarfjarðar, einn tilnefndur af kennarafundi og einn af foreldraráði. Hlutverk skólanefndar er samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Hlutverk skólanefndar er m.a. að marka áherslur í starfi skólans og að stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Að vera skólameistara til samráðs um námsframboð, staðfesta skólanámskrá og vera til ráðgjafar um ýmis mál. Skólameistari er framkvæmdastjóri nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nöfn þeirra sem skipa skólanefnd hverju sinni má finna á heimasíðu skólans www.menntaborg.is.

3.3 Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann í samræmi við lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 140/1997 um skólaráð við framhaldsskóla. Nemendur tilnefna tvo fulltrúa og kennarafundur tvo fulltrúa. Í skólaráði sitja einnig skólameistari og aðstoðarskólameistari. Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar um ýmis málefni í starfi skólans.

Nöfn þeirra sem skipa skólaráð má finna á heimasíðu skólans www.menntaborg.is.

3.4 Foreldraráð

Við Menntaskóla Borgarfjarðar starfar foreldraráð í samræmi við 50. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Hlutverk foreldraráðsins er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda í samstarfi við skólann. Nöfn þeirra sem skipa foreldraráð má finna á heimasíðu skólans www.menntaborg.is.

3.5 Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar

Við Menntaskóla Borgarfjarðar starfar nemendafélag sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendafélagið starfar á ábyrgð skólans. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð, fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Nöfn þeirra sem skipa stjórn nemendafélagsins hverju sinni má finna á heimasíðu skólans www.menntaborg.is.

3.6 Skólafundir

Skólafundir á sal með öllum starfsmönnum og nemendum eru haldnir reglulega. Þar er kynnt og rætt allt sem viðkemur daglegu skólastarfi. Á þessum fundum eru borin upp mál eftir atvikum og ræður þá meirihluti atkvæða á fundinum ákvörðun. Skólameistari boðar til fundar. Skólameistari hefur samráð um dagskrá skólafunda við stjórn nemendafélagsins og fulltrúa starfsfólks. Fundargerð skólafundar er kynnt skólanefnd.


3.7 Kennarafundir

Kennarafundir eru haldnir reglulega. Skólameistari boðar til fundar. Fundargerð kennarafundar skal kynnt skólanefnd. Almennir kennarafundir fjalla um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað til kennarafundar um önnur mál. Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

3.8 Starfsmannafundir

Reglulega eru haldnir starfsmannafundir um öll þau mál er varða skólastarfið, starfsfólk og nemendur. Skólameistari undirbýr dagskrá starfsmannafunda og eru skráðar fundargerðir þessara funda.

3.9 Skipurit Menntaskóla Borgarfjarðar



MYND 1 - SKIPURIT SKÓLANS 1

3.10 Árleg starfsáætlun/skóladagatal

Árleg starfsáætlun er hluti skólanámskrár. Í henni er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum dagsetningum og öðrum grunnupplýsingum. Í henni er einnig að finna upplýsingar um starfsmenn skólans. Upplýsingar um fulltrúa í stjórn, skólanefnd, skólaráði, Nemendafélagi Menntaskólans og foreldraráði er að finna á heimasíðu skólans <http://www.menntaborg.is>

3.11 Starfslið skólans

Upplýsingar um starfslið skólans má finna á heimasíðu skólans <http://www.menntaborg.is>



3.12 Meðferð ágreiningsmála starfsmanna

Leitast er við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Rísi ágreiningur milli kennara og/eða annarra starfsmanna framhaldsskóla og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu er því vísað til skólameistara. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til skólanefndar MB og/eða menntamálaráðuneytisins eftir atvikum.

4. Innra mat

Um innra mat Menntaskóla Borgarfjarðar fer samkvæmt 40. og 41 gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008. Sjálfsmatskýrslu skólans fyrir skólaárið 2010-2011 er að finna á heimasíðu skólans. Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum


Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Innra mati Menntaskóla Borgarfjarðar er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs. Hér á eftir fer lýsing á því kerfi sem Menntaskóli Borgarfjarðar hefur ákveðið að nota til að leggja mat á gæði skólastarfsins ásamt öðrum verkfærum sem skólinn notar við innra mat.

4.1 Gæðagreinar

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir Gæðagreinar (e. How good is our school?). Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?



Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta.

Matsþáttunum eru gefnar einkunnir á bilinu 1 – 6, við matið er notaður eftirfarandi einkunnaskali. Markmiðið er að ná sem hæstri einkunn í öllum þáttum skólastarfsins.

6	<i>Framúrskarandi</i>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<i>Mjög gott</i>	Afar sterkur þáttur
4	<i>Gott</i>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<i>Nægilegt</i>	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	<i>Slakt</i>	Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	Afar slakur þáttur

Auk þeirra þátta sem fram koma í Gæðagreinalíkaninu eru gerðar viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Markmiðin með innra mati Menntaskóla Borgarfjarðar er að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

4.2 Sjálfsmatsáætlun skólaárin 2015 - 2019

Áætlun um sjálfsmat Menntaskóla Borgarfjarðar 2015 - 2019

Skólaár	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Haustönn	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 3 og 9	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 4 og 6	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 8	Kennslumat Gæðagreinir 7
Vorönn	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 5 Viðhorfakönnun útskriftarnema	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 2 Viðhorfakönnun útskriftarnema	Matsfundir Kennslumat Gæðagreinir 1 Viðhorfakönnun útskriftarnema	GNOK Matsfundir Kennslumat Viðhorfakönnun útskriftarnema

Gæðagreinir 1 – Námið (heildarárangur)

Gæðagreinir 2 – Nemendur (þjónusta við nemendur)

Gæðagreinir 3 – Áhrif starfsfólks á skólastarfið

Gæðagreinir 4 – Skólanámskrá

Gæðagreinir 5 – Nám og kennsla

Gæðagreinir 6 – Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál

Gæðagreinir 7 – Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk

Gæðagreinir 8 – Samstarf

Gæðagreinir 9 - Viðburðir

5. Umgjörð skólastarfsins

Menntaskóli Borgarfjarðar er bóknámsskóli sem býður upp á þrjár bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttافرæðibraut. Nemendur geta valið um að fara á búfræðisvið á náttúrufræðibraut. Einnig býður skólinn upp á framhaldsskólabraut og starfsbraut. Auk þess geta nemendur sótt um að taka hluta námsins í fjarnámi. Fjarnám er einungis hugsað fyrir nemendur eldri en 20 ára. Starfsdagar nemenda og kennara eru á skólaári 180 og skulu þeir rúmast innan tímabilsins 18. ágúst - 31. maí ár hvert. Skólaárinu er skipt upp í 2 annir þannig að hægt er að ljúka stúdentsprófi á þremur árum. Fyrir utan þennan skilgreinda skólatíma eru tveir vinnudagar kennara fyrir upphaf skólaárs og tveir eftir að skólaári lýkur.

5.1 Áfangakerfi skólans

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Hverri námsgrein er skipt í áfanga sem hver um sig er kenndur á einni önn en skólaárinu er skipt í tvær annir. Í lok áfanga fær nemandi lokamat sem segir til um hversu vel nemandanum hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið áfangans. Skólinn hefur innleitt nýja aðalnámskrá líkt og aðrir framhaldsskólar. Allar áfangalýsingar sem kennt er eftir í dag hafa verið endurunnar og lokamarkmið áfanga eru nú skilgreind út frá hugtökunum þekking, leikni og hæfni. Lokamarkmið námsbrauta hafa sömuleiðis verið skilgreind og aðlöguð að nýrri aðalnámskrá og áföngum skólans hefur verið raðað á hæfniþrep. Skipulag náms miðast við skilgreind námslok samkvæmt 16.-19. gr. laga nr. 92/2008 þar sem öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og hver eining miðast við ákveðið vinnuframlag nemanda.

5.2 Inntökuskilyrði

Almenn skilyrði

Um innritun í Menntaskóla Borgarfjarðar fer samkvæmt 32. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 1150/2008. Þeir sem hafa lokið grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri, eiga rétt á að hefja nám við Menntaskóla Borgarfjarðar. Þeir sem eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt framangreindu eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Nemendur með lögheimili í Borgarbyggð hafa að öðru jöfnu forgang um skólavist.



Stúdentsbrautir

Til þess að tryggja sér rétt til náms á stúdentsbrautum þarf nemandi að ná ákveðinni lágmarkseinkunn í íslensku, ensku og stærðfræði við lok grunnskóla:

Félagsfræðabraut: Hæfnieinkunn B í íslensku og ensku og C í stærðfræði

Íþróttfræðibraut – félagsfræðasvið: Hæfnieinkunn B í íslensku og ensku og C í stærðfræði

Íþróttfræðibraut – náttúrufræðisvið: Hæfnieinkunn B í íslensku, ensku og stærðfræði

Náttúrufræðibraut: Hæfnieinkunn B í íslensku, ensku og stærðfræði.

Þeir nemendur sem hafa náð 18 ára aldri geta þó hafið nám á stúdentsbrautum þrátt fyrir að uppfylla ekki þessi inntökuskilyrði.

Skólameistari getur heimilað nemendum sem ekki uppfylla skilyrði til innritunar að fullu að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef telja má líklegt að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1150/2008 um innritun nemenda í framhaldsskóla. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um skólaeinkunnir inn á **framhaldsskólabraut og starfsbraut**.

Nemendur sem ekki uppfylla kröfur um námsárangur úr grunnskóla í einstökum námsgreinum gefst kostur á að taka áfanga í viðkomandi grein á fyrsta hæfniþrepi sem undirbúning fyrir nám í viðkomandi grein á stúdentsprófsbraut.

Röðun í áfanga

Kröfur um undirbúning fyrir innritun miðast við skólaeinkunnir við lok grunnskóla. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla. Að öðrum kosti hefur nemandi nám sitt í þessum greinum á fyrsta hæfniþrepi.

Menntaskóli Borgarfjarðar (skólaráð) getur vikið frá þessum einkunnareglum ef ástæða þykir til og óskað eftir viðbótargögnum frá grunnskóla. Skólinn getur látið reglur um hæfniþrep gilda um nemendur 18 ára og eldri eftir atvikum.

Inntaka nemenda sem ekki hafa lokið grunnskóla

Skilyrði fyrir inntöku eru:

1. Að nemandi uppfylli þær kröfur um lágmarkseinkunnir sem getur um hér að ofan.
2. Umsögn frá grunnskóla um námslega stöðu nemandans og mat skólans, ásamt mati MB á því hvort þetta val sé raunhæfur kostur.
3. Viðtal við nemanda og foreldra.

5.3 Mat á námi

5.3.1 Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum

Nemandi sem stundað hefur nám við annan framhaldsskóla sem starfar samkvæmt aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins fær nám sem hann hefur lokið metið til eininga í Menntaskóla Borgarfjarðar samkvæmt eftirfarandi verklagsreglum:

- a) Áfangar sem eru metnir frá öðrum skóla þurfa að vera skilgreindur hluti af þeirri námsbraut sem nemandi er skráður á með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í lið b.
- b) Áfanga sem falla utan námsbrautar sem nemandi er skráður á má meta sem valgreinar að því marki sem nemur fjölda eininga í valgreinum viðkomandi brautar.
- c) Áfangar eru metnir á sama hæfniprepi og þeir eru skilgreindir í fyrri skóla nemanda, óháð kennslufyrirkomulagi.
- d) Nám metið úr öðrum skóla kemur fram á prófskírteini.

5.3.2 Mat á námskeiðum og reynslu

- a) Nemendur sem hafa aflað sér þekkingar, leikni og hæfni á námskeiðum fyrir utan framhaldsskóla geta sótt um að slíkt nám sé metið til eininga. Slíkt nám er aðeins metið til að hámarki tveggja eininga og ef það getur skipt sköpum um námslok nemanda af þeirri námsbraut sem hann er skráður á.
- b) Nemandi sem hefur náð 23 ára aldri getur fengið reynslu eftir 18 ára aldur metna til eininga í lífsleikni og íþróttum.

5.3.3 Mat á félagsstörfum nemenda

Nemendur geta fengið félagsstörf metin til námseininga og falla þær undir val í námsferlinum og/eða bætast við einingafjölda námsbrautar. Nemandi getur að hámarki fengið 8 einingar fyrir félagsstörf metið inn í val brautar. Allt mat á félagsstörfum er háð því að skólameistari eða umsjónarmaður viðkomandi starfs votti mætingu og vinnu nemenda.

Stjórn nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar (NMB)

Nemendur sem starfað hafa í stjórn nemendafélags MB fá störf sín metin til eininga. Einingafjöldi 3 einingar á önn. NMB1A03

Leikfélag MB

Nemendur sem taka þátt í uppsetningu á leiksýningu fá vinnu sína metna til eininga. Leikstjóri heldur utan um vinnu nemenda og skráir vinnuframlag þeirra. Einingafjöldi 3 einingar . LEK1A03

Kór MB

Nemendur sem starfa í kór skólans, æfa að lágmarki einu sinni í viku og taka þátt í tónleikum við ýmis tækifæri fá vinnu sína metna. Kórstjóri heldur utan um mætingu nemenda. Einingafjöldi 1 eining á önn. KÓR1A01

Gettu betur

Nemendur sem taka þátt í Gettu betur keppni framhaldsskólanna fá vinnu sína metna til eininga. Einingafjöldi 3 einingar. GET1A03

Skólablaðið Eglá

Ritstjórn skólablaðsins fær vinnu við uppsetningu og útgáfu skólablaðsins metna til eininga. Einingafjöldi 1 eining á önn. RIT1A01

Erlend samskipti

Nemendur sem taka þátt í að undirbúa og fara í námsferðir til annarra landa eða taka á mótí erlendum nemendum í tengslum við samstarfsverkefni skólans fá vinnu sína metna til eininga. Kennari skólans, sem heldur utan um verkefnið hverju sinni, skráir viðveru og vinnustundir nemenda í verkefninu. Einingafjöldi 1 eining á önn. ERL1A01

Nemendur af erlendum uppruna geta sótt um að fá móðurmál sitt metið til eininga í stað annars erlends tungumáls.

5.3.4 Íþróttir

Nemandi sem stundar umfangsmikla íþróttáþjálfun á vegum sérsambands og eða íþróttafélags undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttifræðings eða kennara samhliða námi í framhaldsskóla getur sótt um undanþágu til skólameistara frá áföngum í íþróttum, líkams- og heilsurækt. Undanþágan nær þó ekki til áfanganna ÍÞR1HL01 og ÍÞR1LS01. Nemendur þurfa að framvísa áætlun um æfingar sem staðfestar eru af þjálfara. Æfingar þurfa að vera að lágmarki sex skipti á viku. Nemendur geta fengið eina einingu á önn að hámarki í fjórar annir.

5.3.5 Mat Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands á námi í framhaldsskóla

Nemandi sem lokið hefur ÍÞF1ÞÞ06 og tveimur einingum í íþróttagrein (ÍÞRG) getur fengið nám sitt metið sem þjálfari 1 hjá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands.

Nemandi sem lokið hefur 40 einingum í íþróttagreinum, íþróttifræðum og starfsþjálfun úr framhaldsskólum getur fengið almennan hluta af þjálfarastigi 2 metinn hjá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands.

5.3.6 Mat framhaldsskóla á námi frá Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Nemandi sem lokið hefur þjálfarastigi 1 hjá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands getur fengið nám sitt metið sem jafngildi ÍÞF1ÞÞ06 og tvær einingar í íþróttagrein (ÍÞRG).

5.3.7 Mat á námi við tónlistarskóla

Nemendur geta sótt um að fá tónlistarnám inn í val námsbrautar. Einu skilyrðin eru að brautin uppfylli ákvæði skólans um fjölda eininga á 1., 2. og 3. hæfniprepi. Skilgreining á umfangi tónlistarnáms og tengingu við hæfniprep skal lögð til grundvallar mati á einingafjölda.

5.3.8 Mat á Knapamerkjum

Nemendur geta sótt um að fá námskeið í Knapamerkinu metin inn í val á námsbrautum skólans. Miðað skal við að Knapamerki 1 og 2 séu á 1. hæfnisþrepi, Knapamerki 3 og 4 séu á 2. þrepi og Knapamerki 5 á 3. þrepi. Viðmið um einingafjölda fyrir hvert Knapamerki tekur mið af vinnuframlagi nemanda samkvæmt aðalnámskrá.

Knapamerki 1 og 2 gefa 3 einingar.

Knapamerki 3 gefur 2 einingar.

Knapamerki 4 gefur 3 einingar.

Knapamerki 5 gefur 3 einingar.

5.3.9 Undanþágur frá aðalnámskrá

Nemendur með fötlun, langveikir og nemendur með sértæka námsörðugleika og eða aðra skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum áföngum eða námsgrein. Veiting undanþágu er háð mati sérfræðings á viðkomandi sviði. Nemendur taka aðra áfanga í stað þeirra sem undanþágan nær til.


5.4 Kennsluhættir

Áhersla er á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð. Kennsluhættir miðast við að gefa öllum nemendum kost á að nýta hæfileika sína og fá endurgjöf á vinnu sína. Lögð er áhersla á að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi og færa um að afla þekkingar upp á eigin spýtur. Notkun upplýsingatækni er töluverð í tímum. Nemendur þurfa að vera með fartölvur í skóla og fá aðgang að interneti og kennslukerfi skólans.

5.5 Námsmat

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla skal námsmat byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda. Námsmatið á að taka til allra þátta námsins þannig að þekking nemandans, leikni og hæfni auk framfara sé metin. Námsmatsaðferðir geta verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat.

Námsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar er fyrst og fremst leiðsagnarmat en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Endurgjöf fer fram á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum en lokaekinn áfanga er birt á í lok hvernar




annar. Á vörðum er notast við þriggja stiga skala; mjög gott - í lagi - ófullnægjandi, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Lokaeinkunn í hverjum áfanga er á formi talna á bilinu 1 - 10 með vísan í námsmarkmið viðkomandi áfanga.

5.5.1 Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat getur hvort sem er verið formlegt þ.e. próf eða óformlegt, þ.e. mat á frammistöðu í verkefnum og annarri vinnu samþætt öllu skólstarfi. Tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemandanum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmat þarf að vera þannig að það sé sífelld endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu nemenda á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu. Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í leiðsagnarmati því þá hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara, og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig.

Þar sem ekki eru formleg annarpróf heldur leiðsagnarmat gerir skólinn miklar kröfur til námsmatsaðferða. Einkunnir við lok áfanga eða sérstakra áfangamarkmiða eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1 – 10 og koma þannig fram á námsferli. Matið er markmiðatengt.

Einkunn		Markmið
10	u.þ.b.	95 – 100%
9	-	85 – 94%
8	-	75 – 84%
7	-	65 – 74%
6	-	55 – 64%
5	-	45 – 54%
4	-	35 – 44%
3	-	25 – 34%
2	-	15 – 24%
1	-	0 – 14%



Að gefnu tilefni skal þess getið að formleg skrifleg próf eru hluti af ofangreindum matsaðferðum. Til að standast námsmat í áfanga og hafa leyfi til að hefja nám í næsta áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5.

5.6 Námsframvinda

Nemandi á stúdentsbrautum við Menntaskóla Borgarfjarðar sækir um 35 - 40 kennslustundir á viku eða 34 - 35 einingar á önn.

1. Frá og með annarri önn skal nemandi ljúka a.m.k. 18 einingum á önn. Takist nemanda það ekki skal hann í samráði við skólastjórnendur og námsráðgjafa sækja um áframhaldandi nám við skólann. Þetta ákvæði á ekki við um nemendur á framhaldsskólabraut.
2. Nemanda er heimilt að skrá sig þrívægis í sama áfanga. Nemanda er þó heimilt að undangengnu samráði við námsráðgjafa að sækja um setu í áfanga í fjórða sinn til skólastjórnenda.
3. Til að standast námsmat í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í eftirfarandi áfanga þarf lágmarkseinkunn 5. Þó er nemanda heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þeir áfangar gefa ekki einingar.

5.7 Úrsögn úr áföngum / töflubreytingar

Stundatöflur nemenda í Menntaskóla Borgarfjarðar eru unnar eftir brautarlýsingum, eðlilegri námsframvindu og vali nemenda. Þar sem hver áfangi nær aðeins yfir eina önn eru gerðar nýjar töflur fyrir hverja önn. Nemendur hafa eina viku í upphafi hvernar annar til töflubreytinga. Ef nemandi óskar eftir að hætta í áfanga getur hann það innan fimm vikna frá annarbyrjun en hætti hann að þeim tíma liðnum fær hann fallelkunn í áfanganum, þ.e. H (hættur) ef um úrsögn er að ræða en F (fall) ef nemandi dettur út vegna fjarvista eða vanskila á verkefnum.

5.8 Árekstrarheimild

Árekstrarheimild er veitt nemanda í reglulegu námi þegar áfangar, sem hann verður að stunda á viðkomandi önn, rekast á í töflu hans. Nemandi verður að ráðgast við kennara viðkomandi áfanga eigi síðar en viku eftir að árekstrarheimildin hefur verið samþykkt, annars fellur hún úr gildi. Nemandi skal sækja kennslustundir í árekstri samkvæmt samkomulagi við kennara þannig að hann geti fylgst með og tekið þátt í verkefnum. Nemandi með árekstrarheimild á ekki að þurfa

að leita til kennara utan kennslustunda og hann á ekki rétt á kennslu eða leiðsögn utan kennslustunda. Kennarar skrá fjarvistir hjá nemendum þegar þeir eru fjarverandi vegna áreksturs.


5.9 Skólareglur

1. Ávallt skulu starfsmenn og nemendur sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
2. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
3. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
4. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna t.d. tóbaks er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans. Einnig á öllum skemmtunum og samkomum á vegum skólans.
5. Skólayfirvöldum, í samráði við stjórn NMB, er heimilt að leita að áfengi og vímuvaldandi efnum í skólanum, á lóð skólans og í tengslum við skólaviðburði.
6. Neysla matvæla er óheimil í kennslustofum.
7. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
8. Ekki skal trufla vinnu annarra í skólanum.
9. Ábyrgð á námsvali er fyrst og fremst í höndum hvers nemanda.
10. Kennari er verkstjóri í kennslustund en í því felst að fyrirmælum hans ber að hlýða.
11. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans og þar með einnig að kynna sér þær leiðir og möguleika sem þeir hafa til að koma málum sínum á framfæri.
12. Starfsfólk og nemendur ganga ekki um á útiskóm innandyra.
13. Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum t.d. í tölvupósti eða Moodle.
14. Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.

5.9.1 Viðurlög vegna brota á skólareglum

Brot á skólareglum getur valdið brottvísun nemenda en áður en sú ákvörðun er tekin fá nemendur sem brjóta gegn skólareglum skriflega áminningu frá skólameistara. Áður en til skriflegrar áminningar kemur er umsjónarkennari viðkomandi búinn að kynna sér málavöxtu og ræða við forráðamenn í þeim tilvikum þegar nemendur eru undir sjálfræðisaldri. Fáir nemendur skriflega áminningu frá skólameistara hafa þeir almennt tækifæri til að andmæla innihaldi áminningarinnar áður en til beitingar viðurlaga kemur.

Verði nemandi uppvís að neyslu eða vörslu áfengis eða tóbaks í skólanum, á skólalóðinni eða í starfsemi á vegum skólans varðar það áminningu og jafnvel brottvikningu úr skóla ef brotið er alvarlegt eða að um endurtekið brot sé að ræða.



Nemandi sem verður uppvís að því að hafa áfengi eða vímuefni um hönd á skemmtunum skólans eða skólaferðalögum fer sjálfkrafa í bann við þátttöku á skemmtunum á vegum skólans næstu 6 mánuði þar á eftir. Áfengi sem upptækt kann að vera gert í þessu sambandi skal eytt í viðurvist stjórnenda skólans og nemendafélagsins. Lögregluþyriföldum er ávallt tilkynnt um brot er varða landslög.

5.9.2 Próf og prófareglur

1. Ef nemandi er fjarverandi (lögleg forföll; veikindi eða leyfi) þegar próf er lagt fyrir tekur hann prófið í næstu kennslustund í viðkomandi áfanga. Ef nemandi mætir ekki í næstu kennslustund þá fær hann 0 í einkunn.
2. Verði nemandi uppvís að því að nota óleyfileg gögn, veita eða þiggja hjálp frá öðrum nemanda er honum vísað úr prófi og telst fallinn í viðkomandi prófi.
3. Ef próftími er 80 mínútur er nemenda óheimilt að yfirgefa stofuna (próf) fyrstu 20 mínútur prófsins.
4. Nemendur í fjarnámi þurfa að mæta í próf á umsömdum tíma. Nemendur taka próf á viðurkenndum prófstað sem skólinn (MB) samþykkir.

5.9.3 Reglur um meðferð heimilda

Ritstuldur felur í sér að nemandi hagnýtir sér í verkefnum sínum og ritsmíðum hugverk annarra án þess að láta þess getið og vísa til heimilda eftir þar til gerðum reglum. Gildir þá einu hvort um er að ræða búta úr verki eða verkið í heild.

Með hugverki er átt við höfundarverk á borð við bækur, greinar, ritgerðir, aðrar ritsmíðar, myndir eða annað jafnt á prenti, tölvutæku formi eða á annars konar formi sem tilheyrir tilteknum réttihafa þess.

Viðurlög við brotum

Verði nemandi uppvís að ritstuldi eða misferli í verkefnavinnu ræðir kennari við hann og gerir honum grein fyrir alvarleika málsins. Verkefnið telst ógilt og nemandi fær einkunnina 0. Ef nemandi heimilar öðrum að endurrita verkefni sem hann hefur unnið fá báðir 0 fyrir verkefnið. Brot skulu færð í athugasemdir um nemanda á Innu.

Við ítrekuð brot á ritstuldi þá fer nemandi í viðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara.

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er stuðst við APA-heimildaskráningarkerfið

5.10 Skólasóknarreglur

Nemendur skulu sækja stundvíslega allar kennslustundir. Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann hálf tjarvistarstig, mæti nemandi meira en 10 mínútum of seint fær hann eitt tjarvistarstig.

Niðurfelling tjarvistarstiga:

- Heimilt er að fella niður tjarvistir vegna veikinda sem hafa verið tilkynnt.
- Nemendur þurfa að tilkynna veikindi samdægurs fyrir kl 10:00 á skrifstofu skólans. Ef nemandi er yngri en 18 ára þarf forráðamaður að tilkynna veikindi.
- Nemendur með langvinn veikindi eða sem þurfa tímabundið að vera tjarverandi vegna veikinda þurfa að framvísa læknisvottorði.

Heimilt er að veita leyfi:

- Vegna námsferða á vegum skólans.
- Vegna starfa í stjórn Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar.
- Vegna undirbúnings og þátttöku í keppni á vegum skólans, íþróttafélags eða sérsambands íþróttafélaga. Staðfesting viðkomandi félags eða sérsambands um þátttöku þarf að fylgja umsókn um leyfi.
- Vegna fráfalls náins ættingjar eða vinar.
- Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika sem nemandi eða forráðamaður staðfestir.
- Vegna rökstuddrar umsóknar um brýn erindi frá nemanda og forráðamanni ef við á.

Sækja þarf um öll leyfi til skólameistara

Meðferð og viðurlög:

- Skólasókn þarf að vera 85% til að nemandi eigi vísa skólavist á næst önn.
- Þegar nemandi er kominn með 10 tjarvistarstig í 5 - 6 eininga áfanga og 6 tjarvistarstig í 4 eininga áfanga fær hann og forráðamaður ef við á skriflega viðvörun og nemandi fer í viðtal hjá umsjónarkennara
- Þegar nemandi er kominn með 13 tjarvistarstig í 5 og 6 eininga áfanga og 8 tjarvistarstig í 4 eininga áfanga (4 f-einingar) fer hann í viðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara eftir atvikum.

Skólasókn í áfanga þarf að vera 85% til að nemandi hafi staðist viðkomandi áfanga.

- Fáí nemandi 16 óútskýrð fjarvistastig úr tilteknum 5 og 6 eininga áfanga er hann fallinn í áfanganum
- Fáí nemandi 11 óútskýrð fjarvistastig úr tilteknum 4 eininga áfanga er hann fallinn í áfanganum

Skólameistara er heimilt að víkja nemanda úr námi að því tilskildu að nemandi hafi fengið viðeigandi aðvaranir. Nemandi hefur rétt til áfrýjunar til skólanefndar.

5.10.1 Nám með frjálsri mætingu

- Nám utan skóla er almennt aðeins veitt nemum yfir 20 ára.
- Nemandi þarf að gefa greinargóðar skýringar á ástæðum þess að stunda nám utan skóla.
- Nemandi þarf að búa við sérstakar ástæður t.d. tengdum búsetu, barneignum og dagvinnu.
- Nemandi þarf að hafa staðist ákvæði skólanámskrár um námsframvindu á fyrri önn.
- Nemandi þarf að mæta í próf og verkefnavinnu óski kennari þess.
- Frjáls mæting undanskilur ekki nemanda frá prófum og verkefnaskilum.

5.11 Skráning og meðferð upplýsinga


Skólinn skráir námsferla nemenda, námsárangur, viðveru og fleiri upplýsingar sem varða skólagöngu þeirra með rafrænum hætti í gagnagrunn (Innu) sem kennarar, námsráðgjafar og skólastjórnendur hafa aðgang að.

Starfsmenn skólans sem hafa lykilorð að rafrænum upplýsingum um nemendur skulu gæta þess að engir aðrir fá vitneskju um lykilorðið og láta skólastjórnendur vita tafarlaust ef þeir hafa grun um að gögn sem meðhöndla ber sem trúnaðarmál séu aðgengileg óviðkomandi.

Starfsfólk skólans sem aðgang hefur að gögnum um nemendur er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda án samþykkis þess sem í hlut á og forráðamanna ef um er að ræða nemanda yngri en 18 ára.

5.12 Aðgangur nemenda og forráðamanna þeirra að upplýsingum

Hver nemandi fær lykilorð sem veitir honum aðgang að rafrænum upplýsingum (Inna) sem skráðar eru um hann sjálfan. Sé nemandi yngri en 18 ára geta forráðamenn hans einnig fengið lykilorð sem veitir aðgang að sömu upplýsingum. Forráðamenn geta enn fremur fengið



upplýsingar um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega með því að hafa samband við skólastjórnendur.

Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, upplýsingar um mál er varða hann persónulega.

5.13 Skemmtanir og ferðalög á vegum skólans

Allar skemmtanir og öll ferðalög nemenda í nafni skólans og/eða nemendafélags nemenda skólans lúta reglum skólans. Stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins vinnur að nánari mótun reglna um einstaka viðburði við skólann. Öll starfsemi nemenda í nafni skólans felur í sér algert bann við áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun.

5.14 Ábyrgð nemenda og skyldur

Nemendur skuldbinda sig til að stunda nám sitt af kostgæfni og fylgja í einu og öllu reglum skólans og fyrirmælum kennara og stjórnenda. Nemendur geta alltaf skotið ágreiningsmálum er varða skólastarfið til skólameistara eða stjórnar skólans ef svo ber undir. Stjórn skólans fer með æðsta úrskurðarvald í málefnum skólans en nemendur geta þó skotið máli sínu til menntamálaráðuneytisins ef þeir eru ósáttir við málsmeðferð skólans.

5.15 Hegðun nemenda og umgengni

Nemendur skulu ætíð sína samnemendum og starfsfólki virðingu og nærgætni í samskiptum og gera ekkert sem talist getur særandi eða meiðandi fyrir aðra. Nemendur skulu ganga um innanhúss á inniskóm og virða almennar umgengnisreglur. Bannað er að matast í kennslustundum en gott rými er fyrir utan kennslustofur og í mötuneyti til að nærast.

6. Þjónusta

Skólinn ábyrgist að nemandi fái notið kennslu fagfólks í þeim námsgreinum sem skólinn býður upp á. Nemendur fá aðgang að netinu til að nýta í námi. Einnig hafa nemendur aðgang að fagfólki á sviði heilsugæslu. Skólinn veitir alla almenna skólaþjónustu við nemendur og forráðamenn þeirra, aðgang að umsjónarkennara og skólastjórnendum og úrlausn mála innan viðunandi tímamarka. Menntaskóli Borgarfjarðar leggur áherslu á skýrar verklagsreglur um réttindi og skyldur nemenda. Reglur eru birtar í skólanámskrá og gerðar aðgengilegar nemendum, forráðamönnum og öðrum er málið varðar. Skólinn leggur áherslu á velferð nemenda, líkamlega, andlega og félagslega. Í skólanum er boðið upp á heilnæmt fæði, morgunverð og hádegisverð. Skólinn er þátttakandi í átakinu Heilsueflandi framhaldsskólar. Nemendur eru hvattir til virkrar þátttöku í félagsstarfi. Um rétt nemenda til náms fer samkvæmt lögum nr. 92/2008. Skólareglur skólans og viðurlög við brotum eru skýr. Við málsmeðferð vegna brota á skólareglum er þess gætt að fylgt sé reglum stjórnsýslulaga um málsmeðferð og andmælaréttur forráðamanna ólöggráða nemenda og nemenda sjálfra virtur. Farið er eftir gildandi lögum og reglugerðum um skyldur til innritunar nemenda sjá kafla að framan um inntökuskilyrði nemenda. Nemendur njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir sérstakan stuðning. Við skólann er starfrækt starfsbraut ásamt því sem nemendum á öðrum námsbrautum með sérþarfir gefst kostur á stuðningi.

6.1 Námsráðgjöf

Við skólann starfar námsráðgjafi í hlutastarfi en hann sinnir einnig námsráðgjöf í grunnskólum Borgarbyggðar. Nemendur geta leitað til námsráðgjafa með öll sín mál. Nemendur fá aðstoð við skipulagningu á náminu og aðstoð við námsleiðir og hjálp við greiningu á námsörðugleikum. Samstarf er með námsráðgjafa og umsjónarkennurum.

6.2 Umsjónarkennarar

Allir nemendur undir 18 ára í Menntaskóla Borgarfjarðar hafa umsjónarkennara. Markmiðið með umsjón er að stuðla að góðu námsgengi nemenda og koma í veg fyrir brottfall. Stuðla að góðri líðan nemenda. Miðla upplýsingum til nemenda og fræða þá um skólann. Nemendur fá aðstoð við námsval. Umsjónarkennari er talsmaður nemenda gagnvart stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki.

6.3 Skrifstofa skólans

Á skrifstofu skólans geta nemendur fengið upplýsingar um nánast allt sem viðkemur skólastarfinu. Skrifstofan sér um að innheimta þau gjöld sem nemendur greiða til skólans. Nemendur tilkynna veikindi til skrifstofunnar, nemendur fá þar aðgangsorð að tölvukerfi, staðfestingu á skólavist, matarmiða og fleira.

6.4 Moodle og Inna

Moodle er kennslukerfi skólans. Þar sækja nemendur verkefni, kennsluefni, skila verkefnum og hafa samskipti við kennara og aðra nemendur. Inna er upplýsingakerfi framhaldsskóla. Þar geta nemendur skoðað m.a. einkunnir, stundatöflu, skráningu yfir mætingar og námsferil. Nemendur fá sérstök lykilorð til að komast inn á Moodle og Innu.

6.5 Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans geta nemendur nálgast almennar upplýsingar um námið og skólann. Þar er að finna upplýsingar um námsbrautir, áfanga, starfsfólk og fleira. Slóðin að heimasíðu skólans er www.menntaborg.is.

6.6 Bókasafn


Á fyrstu hæð skólahússins er bókasafn. Bókasafnið er annars vegar hugsað sem lesrými og hins vegar sem umræðurými fyrir nemendur í hópavinnu.

6.7 Mötuneyti

Í skólanum er starfrækt mötuneyti en þar geta nemendur og starfsfólk fengið hádegisverð á vægu verði. Nemendur fá hafragraut sér að kostnaðarlausu. Einkunnarorð mötuneytisins er hollusta og góð næring.

6.8 Nemendahandbók

Nemendahandbók er ætlað að hjálpa nýjum nemendum að laga sig að því samfélagi sem skólinn er. Eitt af því sem gerir nemendum erfitt fyrir í upphafi náms síns í framhaldsskóla er sú breyting sem verður það að skipta um skólastig, aukin ábyrgð á eigin námi, aukið valfrelsi o.s.frv. Með útgáfu handbókar leggur skólinn sitt af mörkum við að aðstoða nemendur að laga sig að þessum breytingum þannig að þær hafi sem minnst áhrif á vinnu þeirra í skólanum. Nemendahandbók er gefin út ár hvert og afhent nemendum við upphaf skólagöngu. Í nemendahandbókinni koma fram helstu upplýsingar fyrir nemendur um t.d. skipulag námsins,



upplýsingar um námsbrautir, skólasókn, námsmat, kennsluhætti, umsjónarkerfið, ýmsa þjónustu við nemendur, nemendafélag og fleira. Nemendahandbókina

má finna í heild sinni á heimasíðu skólans.

6.9 Handbók kennara

Handbók kennara er ætluð sem stuðningur við kennara bæði nýja í starfi og þá sem eldri eru. Í handbókinni er að finna helstu upplýsingar fyrir kennara varðandi skólastarfið. Handbók kennara má finna í heild sinni á heimasíðu skólans.

6.10 Stuðningur

Nemendur með sérþarfir og eru á öðrum brautum en starfsbraut fá sérstakan stuðning í námi.

7. Húsnæði og aðstaða

Menntaskóli Borgarfjarðar er starfræktur í mennta- og menningarhúsi Borgarfjarðar. Húsnæðið er á tveimur hæðum og auk þess er kjallari í húsinu. Húsnæðið er hannað með sveigjanlega kennsluhætti í huga. Sex góðar kennslustofur eru í húsnæðinu auk þess sem til staðar eru tvær minni stofur sem nýttar eru undir starfsemi starfsbrautar. Í húsnæðinu eru opin rými sem nýst geta fyrir verkefnavinnu nemenda. Ein kennslustofan býður upp á að henni sé skipt upp í tvær minni með hreyfanlegu skilrími. Hátíðarsalur skólans er einnig notaður undir kennslu. Ein af kennslustofunum er fullbúin raungreinastofa með læstum hirslum fyrir hættuleg efni, tilraunaborðum fyrir 12 nemendur og öllum lögboðnum öryggistækjum sem eiga að vera til staðar í rannsóknarstofu. Í skólanum er þráðlaust net sem nemendur og kennarar hafa aðgang að. Í öllum kennslustofum eru tjöld, töflur og skjávarpar. Aðgengi fyrir fatlaða er gott og lyfta er í húsinu. Bókasafn skólans er á fyrstu hæð. Mötuneyti er einnig á fyrstu hæð og þjónar það bæði nemendum og starfsmönnum. Aðstaða fyrir kennara er á annarri hæð, þar er kaffistofa starfsfólks og skrifstofa skólans sem þjónar bæði kennurum og nemendum. Í kjallara skólans er skrifstofa Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar og stór salur fyrir félagsaðstöðu nemenda.

7.1 Tölvur og netaðgangur

Í skólanum er öflugt þráðlaust net sem allir nemendur hafa aðgang að öllum stundum. Tvö önnur þráðlaus net eru í skólanum; eitt fyrir starfsfólk og annað fyrir gesti hússins.

7.2 Munaskápar fyrir nemendur

Nemendum gefst kostur á að leigja sér aðgang að skáp þar sem þeir geta geymt bækur, tölvu og önnur gögn.

7.3 Aðstaða fyrir starfsfólk

Lögð er áhersla á að starfsfólk hafi góða aðstöðu en það er lykilatriði í að halda góðu fólki. Fastráðnir kennarar hafa sér aðstöðu þar sem þeir geta geymt sína hluti svo sem bækur o.fl. Aðstaða starfsfólks er með öflugri tölvutengingu. Kaffistofa starfsfólks er rúmgóð og þar er bæði borð til að sitja við og borða eða drekka kaffi og einnig setkrókur með þægilegri sætum.

7.4 Aðgengi fatlaðra

Við hönnun hússins var sérstaklega hugað að aðgengi fyrir fatlaða og fólk i hjólastólum. Tvær lyftur eru í húsinu en önnur þeirra rúmar sjúkrarúm. Aðgengi að salernum eru eftir útgefnum reglum þar um.

7.5 Neyðar- og öryggisáætlun

Neyðar- og öryggisáætlun Menntaskóla Borgarfjarðar nær til viðbragða starfsmanna skólans við hættuástandi sem getur myndast vegna eldsvoða, jarðskjálfta sem og annarrar vár, t.d. vegna sprengjuhótunar. Verði jarðskjálfti þá skal fylgja leiðbeiningum Almannafræðisins sem er að finna inn á vef stofnunarinnar. Verði eldsvoði eða fái skólinn sprengjuhótun þá skal fylgja rýmingaráætlun skólans. Starfsmenn/nemendur athugi vel að á neðri hæð skólans er mögulegt að nota glugga sem útgönguleiðir (sjá nánar á heimasíðu skólans á <http://www.menntaborg.is/neydar-og-oryggisaaetlun>)

7.6 Nemendagarðar

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur til umráða tvær íbúðir sem leigðar eru út yfir skólaárið, alls 8 rúm. Úthlutunarreglur/forgangur miðast við eftirfarandi:

1. Nemendur eiga lögheimili í dreifbýli Borgarbyggðar.
2. Nemendur undir 18 ára aldri.
3. Námslutfall nemanda á leigutíma. Nemandi í fullu námi gengur fyrir.
4. Nemendur utan Borgarbyggðar.

Ef tveir eða fleiri umsækjendur uppfylla jöfn skilyrði skal dregið úr potti hver fær úthlutun.

Miðað er að nemendur sem fá vistarpláss njóti þess í a.m.k. þrjú skólaár. Þetta er þó háð því að þeir uppfylli allar reglur um umgengni á heimavist.

Umgengnisreglur á nemendagörðum má sjá á heimasíðu skólans

<http://www.menntaborg.is/herbergi-til-leigu>

8. Skólabragur

Skólastarf Menntaskóla Borgarfjarðar hefur yfirskriftina: Sjálfstæði - Færni - Framfarir og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum markorðum. Öll vinna í skólanum, nemenda og starfsfólks, skal unnin með fullri virðingu fyrir manneskjunni og umhverfinu. Skólinn er vinnustaður allra sem þar stunda nám og sækja vinnu. Gagnkvæm virðing er ein af meginstoðum góðs þroska og manndóms og forsenda þess að vinnufriður sé til staðar. Nemendum skal sýnt traust og þeim fengin ábyrgð á sínu námi og vinnustað. Samskipti skulu vera á jafnréttisgrunni þar sem hlustað er á sjónarmið allra. Í skólanum er reynt að skapa heimilislegt og afslappað vinnuumhverfi en það er forsenda fyrir góðum árangri að starfsfólki og nemendum líði vel að störfum.

8.1 Félagsstarf nemenda

Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar, NMB, var stofnað árið 2007, sama ár og Menntaskóli Borgarfjarðar tók til starfa. Nemendafélagið heldur utan um og ber ábyrgð á félagslífi nemenda í skólanum og hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum. Í húsakynnum skólans er gott rými fyrir nemendur til að sinna áhugamálum sínum innan sem utan hefðbundins skólatíma. Nemendafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir skólaárið svo sem haustferð, árshátíð, söngkeppni og áskorendadögum þar sem nemendur og kennarar keppa sín á milli, þátttöku í Gettu betur ofl. Nemendur starfa í ýmsum nefndum og klúbbum, má þar til dæmis nefna hestahóp. Á hverju ári er sett upp leiksýning á vegum leikfélags nemenda og nemendur kjósa ritstjórn sem hefur veg og vanda af útgáfu skólablaðsins Eglu.

Námsbrautarlýsingar

9. Námsbrautir

Námsbrautir skólans eru sex og allar í staðnámi. Opín braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttافرæðibraut til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið búfræðisvið.


9.1 Almenn markmið stúdentsbrauta

Að nemandi

- geti lesið, ritað, skilið og tjáð sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- sé undirbúinn undir framhaldsnám við hæfi
- þjálfist í að nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- geti átt uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sé umburðarlyndur og ábyrgur með öflugra siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- geti hugsað og starfað á gagnrýninn og skapandi hátt
- sé sjálfstæður og taki ábyrgð á eigin námi
- tileinki sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- beri virðingu fyrir umhverfinu og skilji mikilvægi sjálfbærni
- kunnir að meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- sé undirbúinn undir þátttöku í atvinnulífinu
- sé virkur þegn í lýðræðissamfélagi og beri virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess

9.2 Framhaldsskólabraut

Framhaldsskólabraut er eins til tveggja ára námsbraut sem ætluð er fyrir nemendur sem ekki uppfylla skilyrði inn á aðrar námsbrautir skólans eða fyrir þá nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám. Um er að ræða 90 – 120 eininga (nýjar framhaldsskólæiningar) nám sem lýkur með framhaldsskólaprófi á fyrsta hæfniprepi. Tilgangurinn er að nemendum sé boðið upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Megináherslan er á að styrkja almenna þekkingu, leikni og hæfni nemenda með áherslu á hagnýtt nám og vinnustaðþjálfun sem nýst getur nemanda síðar meir á vinnumarkaði. Ennfremur að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og áframhaldandi nám. Til að útskrifast af framhaldsskólabraut þá þurfa nemendur að stunda nám í tvö ár. Nemendur geta eftir



eitt ár á framhaldsskólabraut valið um að skipta yfir á aðrar námsbrautir skólans ef þeir ná tilskildum árangri í kjarnagreinum á hæfniprepi eitt, sjá inntökuskilyrði á stúdentsprófsbrautir skólans. Megináhersla námsins er þá að styrkja þekkingu, leikni og hæfni nemenda í kjarnagreinum til að þeir geti stundað nám á brautum til stúdentsprófs eða annarra skilgreinda námsloka.

9.2.1 Lokamarkmið framhaldsskólabrautar:

Að nemandi

- eigi möguleika á að útskrifast af styttri námsbraut
- eigi möguleika á að stunda bóklegt og verklegt nám til lokaprófs á starfsmenntabrautum
- eigi möguleika á að stunda bóklegt nám til stúdentsprófs
- þjálfist í að nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- geti tjáð sig á viðeigandi hátt í ræðu og riti
- geti lesið, skilið og tjáð sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- sé undirbúinn undir þátttöku í atvinnulífinu og öðlist reynslu á vinnumarkaði
- sé virkur þegn í lýðræðissamfélagi og beri virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess

Nemendur sem ljúka framhaldsskólaprófi fá prófskírteini þar sem fram kemur hæfniprep námsloka, upptalning á áföngum sem nemandi hefur tekið, umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans ásamt yfirliti yfir starfsþjálfun á námstímanum.

Námið er byggt upp með kjarnagreinunum íslensku, stærðfræði og ensku þar sem nemendur fá aðlagða kennsluáætlun við sitt hæfi. Í boði verður að taka önnur fög af öðrum námsbrautum skólans. Námið er einstaklingsmiðað og byggt að hluta upp í kringum verklegar greinar þar sem áhersla verður í kringum hagnýtt nám og tengingu við atvinnulífið. Mikil áhersla er lögð á að vinna með styrkleika og áhugasvið nemenda í tengslum við skipulagningu námsins.

9.3 Félagsfræðabraut

Á félagsfræðabraut er megin áherslan á samfélagsgreinar og kjarnagreinar. Í samfélagsgreinum er lögð áhersla á nám til jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda. Um er að ræða 200 eininga nám til stúdentsprófs. Námstími er að jafnaði 6 annir. Félagsfræðabraut er ætlað að veita nemendum undirbúning undir nám í mennta- félags- og hugvísindadeildum háskóla.

9.3.1 Lokamarkmið félagsfræðabrautar:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- lesa, rita, skilja og tjá sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- eiga uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sýna umburðarlyndi og ábyrgð með öflugra siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- hugsa og starfa á gagnrýnninn og skapandi hátt
- sýna sjálfstæði og bera ábyrgð á eigin námi
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- virða umhverfi sitt og skilja mikilvægi sjálfbærni
- meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- taka þátt í atvinnulífinu
- taka þátt í lýðræðissamfélagi og bera virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess
- nýta sér góða almenna og sértæka þekkingu og færni á sviði félags-, mennta- og hugvísindagreina
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- takast á við frekara nám á félags-, mennta- og hugvísindagreina

9.4 Íþróttfræðibraut

Á Íþróttfræðibraut er megináherslan á íþróttfræði, íþróttagreinar og þjálfun auk kjarnagreina. Í kjarna brautar er lögð áhersla á eftirfarandi grunnþætti; læsi, sköpun og sjálfbærni auk áherslu á heilbrigði og velferð. Um er að ræða 200 eininga nám til stúdentsprófs. Náms tími er að jafnaði 6 annir. Á íþróttfræðibraut er hægt að velja á milli tveggja leiða; félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Íþróttfræðibraut er ætlað að veita nemendum undirbúning undir leiðbeinendastörf hjá íþróttafélögum og frekara nám á háskólastigi í íþrótt-, kennslu- og heilsufræðum.

9.4.1 Lokamarkmið íþróttfræðibrautar:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- lesa, rita, skilja og tjá sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sýna umburðarlyndi og ábyrgð með öflugra siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- hugsa og starfa á gagnrýnninn og skapandi hátt

- sýna sjálfstæði og taka ábyrgð á eigin námi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta sér styrkleika sína
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- virða umhverfi sitt og skilja mikilvægi sjálfbærni
- meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- taka þátt í atvinnulífinu
- taka þátt í lýðræðissamfélagi og bera virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess
- takast á við framhaldsnám við hæfi

9.5 Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er áhersla á kjarnagreinar, auk sérgreina brautarinnar í stærðfræði og raungreinum. Á náttúrufræðibraut er lögð áhersla á eftirfarandi grunnþætti; læsi, sköpun og sjálfbærni. Um er að ræða 200 eininga nám til stúdentsprófs. Námtími er að jafnaði 6 annir. Markmið náttúrufræðibrautar er að búa nemendur undir nám í raunvísindum og skyldum greinum á háskólastigi.

9.5.1 Lokamarkmið náttúrufræðibrautar:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- lesa, rita, skilja og tjá sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- eiga uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sýna umburðarlyndi og ábyrgð með öfluga siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- hugsa og starfa á gagnrýnninn og skapandi hátt
- sýna sjálfstæði og taka ábyrgð á eigin námi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta sér styrkleika sína
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- virða umhverfi sitt og skilja mikilvægi sjálfbærni
- meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- þekkja og geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við úrlausn verkefna
- taka þátt í atvinnulífinu
- taka þátt í lýðræðissamfélagi og bera virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess
- nýta sér góða almenna og sértæka þekkingu og færni á sviði raungreina
- takast á við frekara nám á sviði náttúru-, heilbrigðis- og raunvísindagreina

9.6 Náttúrufræðibraut - búfræðisvið

Landbúnaðarháskóli Íslands og Menntaskóli Borgarfjarðar standa saman að námbraut þar sem nemendur hafa kost á að útskrifast með stúdentspróf frá MB og búfræðipróf frá Lbhí. Náttúrufræðibraut með búfræðisviði er ætlað að veita nemendum undirbúning undir háskólanám í náttúru- og búvísindum og tekur það að jafnaði 4 ár. Nemendur taka tvö fyrstu árin (4 annir) í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem megináherslan er á kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raungreina. Seinni tvö árin taka nemendur við búfræðibraut Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Nemendur brautskrást með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar og búfræðipróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þær skyldugreinar sem nemendur þurfa að taka við Landbúnaðarháskóla Íslands eru eftirfarandi: Búfræðigreinar (10 f-ein), búfjárgreinar (27 f-ein), bútæknigreinar (20 f-ein), búrekstrargreinar (16 f-ein), jarðræktar- og gróðuráfangar (20 f-ein) og valgreinar (27 f-ein). 15% á 1 þrepi, 20% á 2 þrepi, 49% á 3 þrepi og 15% á 4 þrepi. Sjá nánar á heimasíðu Lbhí. Til að ljúka stúdentsprófi frá Menntaskóla Borgarfjarðar með tilskilinn fjölda eininga á hverju hæfniprepi verða nemendur að velja valfög við Lbhí þannig að 15 einingar verði á 1. þrepi, 9 einingar á 2. þrepi og 3 einingar á 4. þrepi. Nemendur klára þá námsbrautina með 17% á 1. þrepi, 44% á 2. þrepi, 32% á 3. þrepi og 7% á 4. þrepi.

9.6.1 Lokamarkmið náttúrufræðibrautar - búfræðisvið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- lesa, rita, skilja og tjá sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- eiga uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sýna umburðarlyndi og ábyrgð með öflugra siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- hugsa og starfa á gagnrýninn og skapandi hátt
- sýna sjálfstæði og taka ábyrgð á eigin námi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta sér styrkleika sína
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- virða umhverfi sitt og skilja mikilvægi sjálfbærni
- meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- þekkja og geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við úrlausn verkefna
- taka þátt í atvinnulífinu
- taka þátt í lýðræðissamfélagi og bera virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess

- hafi þekkingu og færni til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf, ekki síst á sviði rekstrar, nútækni, jarð- og búfjárræktar
- takast á við frekara nám á sviði almennra náttúruvísinda, búvísinda og dýralækninga

9.7 Starfsbraut

Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem ekki geta nýtt sér almennt tilboð framhaldsskóla og hafa greiningu fagaðila. Námið er bæði bóklegt og verklegt en í fæstum tilvikum metið inn á aðrar brautir skólans. Námstími er 4 ár. Meginmarkmið námsins er að gera nemendur virka þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt. Enginn brautarlýsing fylgir með í skólanámskránni þar sem leitast er við að búa til einstaklingsnámskrár eftir atvikum hverju sinni.


9.7.1 Lokamarkmið starfsbrautar:

Að nemandi

- fá einstaklingsmiðuð námstækifæri
- auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi
- öðlist fjölbreytta reynslu og kynnist möguleikum og margbreytileika íslenskrar menningar
- fá tækifæri til að stunda nám með nemendum annarra brauta
- fá tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað
- öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er
- fá tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu nám

9.8 Opin braut

Á opinni braut til stúdentsprófs er megin áherslan á kjarnagreinir. Nemendur velja sér sjálfir þá leið sem þeir kjósa að fara. Nemendur velja að lágmarki 114 framhaldsskólaeiningar til viðbótar við kjarna sem er 86 einingar. Miðað er við að lágmark 17% námsins sé almennt nám á fyrsta hæfniprepi og aldrei meira en 33%. Þriðjungur (33%) til helmingur námsins er á öðru hæfniprepi. Á þriðja hæfniprepi skal að lágmarki vera skilgreint 17% námsins og að hámarki 33%. Um er að ræða 200 eininga nám til stúdentsprófs. Námstími er að jafnaði 6 annir. Opin braut til stúdentsprófs er ætlað að veita nemendum undirbúning undir nám í ýmsum deildum



háskóla. Bent er á að við skipulagningu náms á opinni stúdentsbraut er nauðsynlegt að nemendur hafi samráð við náms- og starfsráðgjafa.

9.8.1 Lokamarkmið opinnar brautar:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- geta lesið, ritað, skilið og tjáð sig á viðeigandi máta á íslensku og erlendum tungumálum
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni
- geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk í ræðu og riti
- sýna umburðarlyndi og ábyrgð með öflugra siðferðisvitund, víðsýni, frumkvæði og sjálfstraust
- hugsa og starfa á gagnrýninn og skapandi hátt
- sýna sjálfstæði og taka ábyrgð á eigin námi
- efla eigin sjálfsmýnd og nýta sér styrkleika sína
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- virða umhverfi sitt og skilja mikilvægi sjálfbærni
- meta gildi menningararfsins í heimabyggð og umheiminum
- taka þátt í atvinnulífinu
- taka þátt í lýðræðissamfélagi og bera virðingu fyrir ólíkri menningu innan þess
- takast á við framhaldsnám við hæfi

9.9 Áfangalýsingar

Áfangalýsingar má finna á heimasíðu skólans <http://www.menntaborg.is/afangar-i-bodi-taka-1>